FRÉTTABLAÐIÐ

86. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 4. MAÍ 2021

20 ÁRA

Einkar gott útsýni var að eldgosinu í Geldingadölum frá höfuðborgarsvæðinu í gærkvöldi. Heiðskírt var og aðstæður til þess að berja gosið augum úr fjarska með besta móti. Þessi mynd var tekin við Ægisíðu í Vesturbænum í Reykjavík en þar sjást Bessastaðir í forgrunni og tignarlegur gosstrókurinn rís úr jörðu með tilheyrandi gosmekki þar fyrir ofan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Arnar Þór er hættur í Dómarafélaginu

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari hefur vakið athygli fyrir þátttöku í opinberri umræðu um Evrópumál. Hann sagði sig úr Dómarafélagi Íslands eftir að hann upplifði að ræða ætti tjáningu hans á lokuðum fundi félagsins. Hann er einnig ósáttur við siðareglur þess.

DÓMSTÓLAR Arnar Þór Jónsson héraðsdómari hefur sagt sig úr Dómarafélagi Íslands vegna ágreinings um tjáningarfrelsi dómara og efni siðareglna fyrir félagið.

„Haustið 2019 var haldinn lokaður fundur á vettvangi Dómarafélagsins um tjáningarfrelsi dómara. Ég óskaði eftir því að þessi fundur yrði opinn og auglýstur enda var mér ljóst að fyrirhugað efni hans var tjáningarfrelsi mitt. Á fundinum var spjótum beint að mér og minni tjáningu og átti hann stóran þátt í því að ég kaus að segja mig úr félaginu," segir Arnar Þór Jónsson héraðsdómari.

Arnar Þór hefur lengi gagnrýnt ákvæði siðareglna Dómarafélagsins, meðal annars takmörkun á borgaralegum réttindum eins og félagafrelsi. Í siðareglunum er mælt gegn því að dómarar taki opinberlega þátt í stjórnmálastarfi eða í félögum þar sem leynd hvílir yfir siðareglum, félagatali eða starfsemi félags.

Ljóst er að með umræddu ákvæði er spornað gegn aðild dómara í félögum á borð við Frímúrararegluna.

„Ítrekuð boð mín um að flytja erindi á vettvangi Dómstólasýslunnar og Dómarafélagsins um augljósa ágalla á siðareglum dómara hafa ekki verið þegin," segir Arnar Þór.

> **Á fundinum var spjótum beint að mér og minni tjáningu og átti hann stóran þátt í því að ég kaus að segja mig úr félaginu.**
>
> Arnar Þór Jónsson héraðsdómari

Hann segist enn fremur hafa skrifað fjölmargar greinar í blöð og tímarit eftir úrsögn sína úr félaginu en enga efnislega athugasemd fengið frá kollegum sínum í dómarastétt.

Fréttablaðið ræddi við nokkra dómara sem vildu þó ekki láta hafa neitt eftir sér um úrsögn Arnars Þórs úr Dómarafélaginu. Voru þó allir á einu máli um að almenn sátt ríkti meðal dómara um efni siðareglnanna. Þá taki lög af skarið um helstu álitaefni um tjáningarfrelsi dómara og þeim sé örðugt að koma sér undan siðferðilegum viðmiðum með því einu að vera ekki félagar í Dómarafélagi Íslands.

Rétt er að dómarar leitist við að stíga fram af háttvísi og hófsemi í opinberri umræðu að mati Halldóru Þorsteinsdóttur, héraðsdómara og lektors, en hún hefur sérhæft sig í fræðilegum álitaefnum tengdum tjáningarfrelsi. Fréttablaðið spurði Halldóru um tjáningarfrelsi dómara í kjölfar orðaskipta Arnars Þórs og lögmannsins Sveins Andra Sveinssonar á síðum blaðsins að undanförnu, vegna greinaskrifa hins síðarnefnda um Evrópumál. Halldóra segir greinarmun á frelsi dómara til að fjalla um fræðileg málefni annars vegar og pólitískri tjáningu hins vegar. Rætt er ítarlega við Halldóru um tjáningarfrelsi dómara á vef Fréttablaðsins í dag. – aá

Forystumenn þeirra flokka sem mynda ríkisstjórn geta vel við unað.

Ríkisstjórnin með meira fylgi en flokkarnir

STJÓRNMÁL Tæplega 24 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn ef gengið yrði til alþingiskosninga í dag. Þetta kemur fram í nýjustu könnun þjóðarpúls Gallups á fylgi flokkanna sem hyggjast bjóða sig fram til Alþingis í haust.

Þetta er ívið minna fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn fékk í könnun MMR nýlega. Fylgi Vinstri grænna eykst um rúmlega tvö prósentustig milli mánaða en 14 prósent kveðjast munu kjósa Vinstri græna í komandi kosningum.

Stuðningur við ríkisstjórnina jókst um 0,4 prósentustig milli mánaða en nær 61 prósent þeirra sem tóku afstöðu lýsti yfir stuðningi við ríkisstjórnina. Þó var fylgi stjórnarflokkanna samtals 48 prósent. Þá var Framsóknarflokkurinn með tæplega tíu prósenta fylgi.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi 17 þingmenn ef gengið yrði til kosninga í dag.

Stjórnarandstöðuflokkarnir stóðu flestir nánast í stað en 12 prósent lýstu stuðningi við Samfylkinguna og Pírata, um 10 prósent við Viðreisn og um það bil fimm prósent við Sósíalistaflokk Íslands og Flokk fólksins.

Miðflokkurinn missti rúmt prósentustig en átta prósent sögðust ætla að kjósa flokkinn.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi 17 þingmenn við kjördæmaúthlutun, Vinstri grænir níu, Píratar átta, Framsókn og Samfylkingin fengju sjö og Viðreisn sex. Miðflokkurinn fengi fimm þingmenn, Sósíalistaflokkur Íslands þrjá og Flokkur fólksins einn.

Tæplega 10 prósent voru óákveðin eða vildu ekki gefa upp skoðun sína og átta prósent voru á því að þau myndu skila auðu eða sleppa því að kjósa. **– hó**

Mengunarslys æft á Faxaflóa

Árleg mengunarvarnaæfing Landhelgisgæslunnar var í gær þar sem notkun mengunarvarnabúnaðarins um borð í Þór er æfð. Mengunarvarnargirðing varðskipsins var dregin út auk þess sem olíudæla skipsins var sett í hafið. Hlutverk hennar er að dæla olíu úr sjó og um borð í varðskipið. Dráttarbáturinn Leynir var sömuleiðis fenginn til aðstoðar. Fulltrúar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu fylgdust með. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Minnisblað frá Þórólfi rætt í ríkisstjórn í dag

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur skilað minnisblaði til Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um breytingar á samkomutakmörkunum. Minnisblað Þórólfs verður til umræðu á ríkisstjórnarfundi í dag og von er á tilkynningu um komandi aðgerðir.

Tíu manns greindust með kórónaveiruna innanlands um síðustu helgi en allir voru þeir sem smituðust í sóttkví við greiningu.

Þórólfur segir jákvætt að þeir sem greindust hafi verið í sóttkví en áréttar þó að varlega þurfi að fara í að aflétta gildandi aðgerðum. Eins og staðan er í dag er 20 manna samkomubann, grímuskylda og tveggja metra fjarlægðarregla.

Ný reglugerð um aðgerðir á landamærunum tók gildi fyrir viku. Þórólfur segir að aðgerðirnar sem ráðist var í á landamærum hafi gefið góða raun. **– hó**

Mikill skortur á lopa innan lands sem utan

Vélafæð er helsta ástæða þess að Ístex annar ekki eftirspurn eftir lopa. Eftirspurnin hefur aukist mikið í faraldrinum vegna vinsælda handavinnu af ýmsu tagi. Framkvæmdastjórinn segir að bætt verði úr með fleiri vélum.

LANDBÚNAÐUR Mikil eftirspurn hefur verið erlendis eftir íslenskum lopa í faraldrinum og anna framleiðendur henni ekki nema að litlu leyti. Samkvæmt sænskum dagblöðum fá kaupendur að íslenskri ull ekki nema tíu prósent af því sem þeir þurfa. Skorturinn hefur einnig áhrif hér heima og íslenskt prjónafólk á erfitt með að finna lopa.

„Við höfum ekki fleiri vélar. Það er ekki flóknara en það," segir Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex, sem safnar langsamlega mestu af ull á Íslandi. „Við komum á kvöldvöktum til að reyna að mæta þessu en það hefur ekki dugað til."

Ullin er flutt til Blönduóss þar sem hún er þvegin og skipt í hráull og ull til lopa. Í Mosfellsbæ er lopinn, sem er verðmætasta varan, búinn til en hráullin er meðal annars notuð í sængur og gólfteppaband.

Sigurður segir eftirspurnina hafa aukist undanfarin þrjú ár og sérstaklega í faraldrinum. „Í maí í fyrra tókum við eftir því að pantanirnar urðu stærri. Um áramótin urðu þær svo mun stærri en venjulega," segir hann. Þetta eigi ekki aðeins við um Svíþjóð heldur einnig Finnland, Þýskaland, Bandaríkin og fleiri lönd sem Ístex verslar við.

Helsta skýringin á þessari eftirspurn er áhugi á handavinnu í faraldrinum. Iðja sem hentar vel í félagsforðun og þykir góð fyrir andlega heilsu. Sigurður segir sögu íslenska lopans og eiginleika skýra vinsældirnar.

Vegna eftirspurnarinnar hefur Ístex ákveðið að fjárfesta í fleiri vélum, sérstaklega í dokkudeildinni, en einnig að bæta við starfsfólki á kvöldvaktir. Þá hefur ein vél, sem notuð hefur verið til að búa til iðnaðarband fyrir ferðamannavarning, verið notuð til að framleiða lopa því ferðaþjónustan hrundi í fyrra. Sigurður segir ómögulegt að segja til um hvenær afköst og eftirspurn verði komin í jafnvægi. „Ég segi alltaf sex mánuðir en svo bætist alltaf við," segir hann.

Lopinn er unninn í verskmiðjunni í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Við höfum ekki fleiri vélar. Það er ekki flóknara en það.

Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex

Aðspurður um verðið segir Sigurður einhverju hafa verið bætt á til að eiga fyrir nýjum vélum og tækjum en að öðru leyti hafi verðhækkanir ekki verið meiri en í venjulegu árferði.

Breytingar í landbúnaði hafa valdið því að sauðfé hefur ekki verið færra í landinu í meira en eina og hálfa öld. Þessi þróun hefur þó enn ekki haft áhrif á ullarvinnslu því ekki er skortur á hráull. Samkvæmt Sigurði væri einnig hægt að nýta meira af lakari flokkum til lopavinnslu þegar fram í sækir.

„Verðið á hráull er mjög lágt í sögulegu samhengi," segir hann. „Í Noregi voru allir ullarflokkar til bænda settir í 0 krónur í haust. Hráullarmarkaðurinn er aðeins að lifna við en er enn mjög erfiður."

kristinnhaukur@frettabladid.is

TOYOTA C-HR HYBRID

BÍLL Í C-HRFLOKKI

Verð frá: 5.490.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

Söluráðgjafar okkar eru í C-HRlega góðu skapi þessa dagana.
Láttu sjá þig, þeir taka óvenju vel á móti þér.

ICELANDAIR

100.000. kr. gjafabréf* frá Icelandair fylgir öllum nýjum Toyota C-HR til 1. júní.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum. Birt með fyrirvara um villur.

Afkoma jákvæð hjá ráðuneytinu

STJÓRNMÁL Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2020 er afkoma ársins af rekstri utanríkisráðuneytisins jákvæð sem nemur tæpum 1,2 milljörðum króna. Þetta kemur fram í skýrslu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, um utanríkis- og alþjóðamál sem lögð var fram á Alþingi í gær. Áætluð afkoma í árslok er jákvæð um liðlega 700 milljónir og er að mestu um að ræða leiðréttingar á verðlagi og frestun á verkefnum vegna heimsfaraldursins.

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

Stærsta verkefnið sem borgaraþjónustan stóð frammi fyrir var að aðstoða þúsundir Íslendinga við að komast heim þegar heimsfaraldurinn reið yfir. Einnig var settur aukinn kraftur í aðstoð við íslensk fyrirtæki sem eiga í alþjóðlegum viðskiptum, segir í skýrslunni.

Á meðal þyngri útgjaldaþátta var endurnýjun búnaðar vegna heimavinnu og umfangsmeiri þrif og sótthreinsun húsnæðis og búnaðar. Áætlað er að kostnaður ráðuneytisins vegna fyrstu bylgju kórónaveirufaraldursins sé um 300 milljónir króna. **– bb**

Málefni kórsins rædd í vikunni

KIRKJAN Einar Karl Haraldsson, formaður sóknarnefndar Hallgrímskirkju, kannast ekki við að sóknarnefnd kirkjunnar hafi vikið Herði Áskelssyni, organista og kórstjóra, úr starfi eins og segir á Facebook-síðu Mótettukórs kirkjunnar.

„Móttettukórinn segir að við höfum vikið Herði frá störfum sem er ekki rétt. Þetta hefur verið í ferli hjá lögmanni og formanni FÍH og það fór ekki eins og við ætluðum. Rétt er að taka fram að Hörður lagði sjálfur fram ósk um hreinan starfslokasamning, eftir að hafa hafnað „Heiðurssamningi Hallgrímskirkju“, sem hann samþykkti í lok janúar að lögmaður kirkjunnar og formaður FÍH ynnu að,“ segir Einar Karl.

Schola Cantorum, sem Hörður hefur hingað til stjórnað í Hallgrímskirkju, mun halda aðalfund á fimmtudaginn en ekki liggur fyrir hvort kórinn mun fylgja honum úr kirkjunni. **– hó**

Segja upp samningum til að hlusta betur á verktaka

AKUREYRI Umhverfis- og mannvirkjaráð Akureyrar hefur ákveðið að nýta sér heimild til að segja upp samningum við alla verktaka sem sinna snjómokstri og hálkuvörnum í bænum. Tekur uppsögnin gildi 1. október 2021.

Er þetta gert til að skoða breytt verklag og hugmyndir verktaka um hvað megi betur fara við framkvæmd snjómoksturs. „Það sem okkur langar til að ræða við verktaka eru meðal annars hugmyndir sem þeir sjálfir hafa sett fram,“ segir Andri Teitsson, formaður ráðsins.

Búið er að segja upp samningum við þá sem sinna snjómokstri og hálkuvörnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Það er öðruvísi fyrirkomulag sem lagt er til. Í staðinn fyrir að vera með útkallslista, þar sem verktakar vita mjög seint hver verður kallaður út í hvaða verkefni og hvenær, er hugsunin að reyna að halda þannig útboð að verktökum verði úthlutað svæðum eða hverfi. Þá vita verktakarnir hvað er fram undan hjá þeim, hvað bíður þeirra og þeir geta þá skipulagt sig betur. Kannski vinnast verkin þannig betur og þetta kemur í veg fyrir tvíverknað,“ segir Andri.

Hann bendir á að snjómokstur hafi gengið vel í vetur og það sé ekki ástæða uppsagnarinnar. Það sé einfaldlega verið að hlusta á þá sem þekkja þetta manna best og séu í þessum mokstri nánast daglega. „Við viljum gjarnan skoða þessar hugmyndir þeirra nánar með öðruvísi fyrirkomulag þar sem þessir flóknu útkallslistar heyra sögunni til,“ segir Andri. **– bb**

Fimm nýir miðbæir í bígerð

Í Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Akureyri og á Selfossi er annað hvort byrjað að byggja eða verið að skipuleggja nýja miðbæi. Skipulagsfræðingur segir hlutverk miðbæja hafa breyst með nýrri kynslóð.

SKIPULAGSMÁL Fimm stór sveitarfélög hafa skipulagt eða eru byrjuð að byggja nýja miðbæi. Kópavogur, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Akureyri og Árborg, hvert hefur sinn háttinn á en með sömu grunnstef. Í Mosfellsbæ er verið að þétta íbúðabyggðina, í Hafnarfirði stendur til að nýta höfnina betur og reisa mathöll en á Selfossi í Árborg mun rísa miðbær í gömlum stíl.

Trausti Valsson, prófessor emeritus í skipulagsfræði, segir að það sé algengt að sveitarfélög kynni ný og spennandi verkefni, sérstaklega fyrir kosningar. Hvort þau verði öll efnd er annað mál. „Ég man eftir hugmyndum Garðbæinga og Kópavogsbúa um að byggja upp vísindaþorp en það varð ekkert úr því. Í staðinn kom íbúðabyggð,“ segir hann.

Af þeim nýju miðbæjum sem kynntir hafa verið telur Trausti Selfoss þann athyglisverðasta. Uppbyggingin er þegar hafin og verður formlega tekin í notkun í sumar. Í miðbænum eru að rísa hús sem eiga sér fyrirmyndir í horfnum íslenskum byggingum alls staðar á landinu. „Þetta er nýlunda og mér líst ekki illa á hugmyndina,“ segir Trausti. „En það á eftir að koma í ljós hvernig þetta kemur út og starfsemin verður að vera heillandi og laða að sér ferðaþjónustu.“

Þar verður einnig mathöll með átta veitingastöðum, skrifstofur, íbúðir, bar og sýning um matarmenningu landsins og skyrið sérstaklega. Hringvegurinn verður hins vegar færður fram hjá bænum úr miðbænum sjálfum.

Í Mosfellsbæ er verið að þétta miðbæinn verulega og stendur til að byggja alls 250 nýjar íbúðir. Alls verður byggt á þremur svæðum í miðbænum og stór hluti íbúðanna er ætlaður fólki yfir fimmtugu.

Miðbær Selfoss verður í gömlum stíl en þjóðvegurinn færður út úr bænum. MYND/AÐSEND

> **Nú er komin krafa hjá ungu fólki um að búa í lifandi borgarumhverfi, þar sem hægt er að fara út á öllum tímum sólarhringsins til að fá sér mat, kaffi og öl.**
>
> Trausti Valsson, skipulagsfræðingur

Í Kópavogi er einnig verið að þétta miðbæinn og samþykktar hafa verið 550 íbúðir, húsin eru allt frá einni hæð upp í tólf. Einnig er gert ráð fyrir verslun og þjónustu en gömlu bæjarskrifstofurnar að Fannborg verða rifnar.

Byggð verður göngu- og hjólagata, svokallaður mannlífsás, frá Menningarhúsinu að Kópavogsskóla. Verður hugað að skiptistöðinni í Hamraborg þar sem tvær Borgarlínuleiðir muni hafa stoppistöð.

Á Akureyri stendur til að breyta Glerárgötu, Skipagötu og Hofsbót og að nýr hjólastígur verði samhliða Skipagötu. Allar nýjar byggingar sem reistar verða verði að hafa reiðhjólageymslur og byggð verður upp lifandi starfsemi, svo sem veitingastaðir, menningarstarfsemi og verslanir.

Hafnfirðingar ætla að byggja upp stærri hluta hafnarinnar, suður að Hvaleyrarlóni. Þá stendur til að reisa mathöll við gamla Súfistann með fjórum eða fimm veitingastöðum.

Trausti segir sömu lögmál gilda hjá þessum fimm sveitarfélögum, sem öll eru meðal þeirra fjölmennustu á Íslandi, og Reykjavík. „Áður fyrr voru miðbæir fyrst og fremst stjórnsýslu- og verslunarmiðstöðvar. Nú er komin krafa hjá ungu fólki um að búa í lifandi borgarumhverfi, þar sem hægt er að fara út á öllum tímum sólarhringsins til að fá sér mat, kaffi og öl,“ segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SUZUKI

Way of Life!

SUZUKI SWIFT

FJÓRHJÓLADRIFINN*, FRAMHJÓLADRIFINN, HYBRID, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR

Suzuki Swift er löngu búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður. Frábærir aksturseiginleikar, afl, sparneytni og glæsileiki gerir Suzuki Swift ómótstæðilegan.

Komdu í heimsókn og prófaðu margverðlaunaðann Suzuki Swift

KOMDU Í HEIMSÓKN OG VELDU SWIFT SEM HENTAR ÞÉR

VERÐ FRÁ KR.
2.830.000

*Suzuki Swift 4x4 er eingöngu beinskiptur

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.
Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Eldvegg er ekki ætlað að vernda auglýsingasvið

FJÖLMIÐLAR „Hinn svokallaði eldveggur milli auglýsingadeildar og ritstjórnar á ekki við í þessu tilviki," segir Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands, um ályktun stjórnar félagsins gegn auglýsingu fyrirtækisins Samherja á vefmiðlinum mbl.is. Í ályktun stjórnarinnar segir að auglýsingin sé hluti af ófrægingarherferð gegn Helga Seljan og félögum hans í Kveik. Auglýsingin leiði lesendur inn á myndband sem hafi þann eina tilgang „að reyna að þvinga fram bann við því að fréttamaðurinn Helgi Seljan fjalli um málefni fyrirtækisins".

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður Blaðamannafélegsins.

„Slíkt er alvarleg aðför að frjálsri fjölmiðlun og gróf atlaga að fréttamanni þar sem vegið er að starfsheiðri hans," segir í ályktun stjórnar BÍ.

Í kjölfar ályktunar BÍ sagði trúnaðarmaður starfsmanna Morgunblaðsins, Guðni Einarsson, af sér. Ástæða afsagnar hans er afskipti félagsins af auglýsingabirtingunni en hann telur að með slíkum afskiptum hafi stjórnin farið langt út fyrir sitt hlutverk. Síðdegis í gær sagði hinn trúnaðarmaður BÍ hjá Morgunblaðinu, Kristín Heiða Kristinsdóttir, einnig af sér og vísaði til sömu ástæðna og Guðni.

Sigríður Dögg segir að umræðan um eldvegginn í þessu samhengi sé byggð á misskilningi á meginmarkmiði hans. „Hugmyndin með eldveggnum er að tryggja sjálfstæði ritstjórna gagnvart auglýsingadeild og koma í veg fyrir að blaðamenn séu beittir þrýstingi í umfjöllun sinni í tengslum við sölu auglýsinga," segir Sigríður Dögg. „Eldveggurinn er ekki til þess að vernda auglýsingadeildina fyrir þrýstingi frá blaðamönnum," segir hún.

Sigríður bendir á að það sé hlutverk félagsins að standa vörð um félagsmenn og verja þá gegn öllum þeim sem vega að starfsheiðri þeirra og stéttinni allri.

Þá lýsir hún ástæðum þess að stjórnin ályktaði um málið: „Þarna verður félagsmaður okkar fyrir árás og ekki í fyrsta skipti. Auglýsingin er liður í kerfisbundinni árás á félagsmann BÍ og okkur ber að bregðast við því," segir Sigríður og bætir við: „Svo starfa félagsmenn BÍ líka á mbl.is og vinna fréttir sem birtast við hlið þessarar auglýsingar. Þeim kann að vera erfitt að hreyfa andmælum á sínum vinnustað og til þess er félagið, að veita þeim einnig stuðning." **– aá**

Há sekt vegna vanrækslu

NOREGUR Norska fjármálaeftirlitið hefur sektað bankann DNB um sex milljarða íslenskra króna en sektina fær bankinn fyrir slælegt eftirlit með peningaþvætti.

Þetta er hæsta sektin sem úrskurðað hefur verið um síðan lög um varnir gegn peningaþvætti voru sett í Noregi.

Hluti brota DNB var vegna þess að bankinn lét hjá líða að bregðast við viðvörun um mögulegt peningaþvætti vegna viðskipta milli félaga Samherja.

„Við höfum komið okkur saman um sektarupphæð vegna vanrækslu bankans við að uppfylla þau ákvæði sem fram koma í lögum um peningaþvætti," segir Anna Viljugrein, yfirmaður bankaeftirlits fjármálaeftirlitsins.

Kjerstin Braathen, forstjóri DNB, sagði bankann viðurkenna sök sína eftir að niðurstaðan var opinberuð en forstjórinn sagði það vera kappsmál fyrir banka sinn að leggja sitt af mörkum við að koma í veg fyrir fjármálaglæpi. **– hó**

Stefnt er að því að bólusetja um 25 þúsund manns gegn COVID-19 í þessari viku. Anna María Snorradóttir, verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis, segir skipulagninguna alla hafa gengið eins og smurða vél. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áherslan í vikunni á fólk í áhættuhópum

Í vikunni verður lögð áhersla á að bólusetja sem flesta sem eiga á hættu að veikjast alvarlega af COVID-19 eða jafnvel lifa ekki af. Einnig á þau sem búa með langveikum börnum sem mega ekki fá bólusetningu vegna ungs aldurs.

COVID-19 Til stendur að bólusetja um 25 þúsund manns gegn COVID-19 í vikunni. Fjórtán þúsund manns fá bóluefni frá Pfizer, fjögur þúsund frá Moderna og þá fara 6.500 skammtar af bóluefni frá Janssen í dreifingu.

Nú er verið að bólusetja þá sem tilheyra forgangshópi sjö, það er fólk með undirliggjandi sjúkdóma svo sem sykursýki, offitu, háþrýsting og ónæmisbælingu. Anna María Snorradóttir, verkefnastjóri sóttvarna hjá Embætti landlæknis, segir forgangshóp sjö telja tugi þúsunda einstaklinga.

„Í upphafi bólusetningar taldi þessi hópur um 60 þúsund manns, en hluti hans hefur þegar fengið bólusetningu af því þau eru heilbrigðisstarfsmenn eða komin á ákveðinn aldur til dæmis, svo það sorterast aðeins út," segir Anna María.

Heimilisfólk langveikra barna sem mega ekki fá bólusetningu tilheyrir einnig forgangshópi sjö. Anna María segir ástæðuna vera þá að ekkert þeirra bóluefna sem notað er hér á landi sé heimilt að gefa einstaklingum undir sextán

> **Fjórtán þúsund manns fá bóluefni frá Pfizer í þessari viku, fjögur þúsund fá Moderna og 6.500 fá Jansen-bóluefni.**

ára aldri, „og eitthvað af þeim ekki fyrr en átján ára." Þá segist hún ekki hafa nákvæma tölu á fjölda þeirra sem tilheyri þessum hópi.

Í þessari viku verður áherslan lögð á að bólusetja sem flesta í hópi sjö, því næst í röðinni er hópur átta en hann nær yfir starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskólum og tiltekið starfsfólk félags- og velferðarþjónustu. „Það hefur verið ákveðið að leikskólakennarar verði fyrstir í röðinni í hópi átta og þeir gætu mögulega fengið boð í þessari viku," segir Anna María. Enn á eftir að útfæra hvernig gengið verður á hóp átta og hverjir innan skólakerfisins verði taldir innan þess hóps, til að mynda eru tónlistarskólar ekki taldir þar með og óvíst er með stöðu annarra starfsstétta svo sem náms- ráðgjafa og starfsfólk mötuneyta.

„Núna leggjum við áherslu á þá sem eru útsettastir fyrir því að verða alvarlega veikir," segir Anna María. Röðin í hópi sjö sé metin út frá áhættunni sem undirliggjandi sjúkdómar skapi. „Þeir sem eiga á hættu að veikjast alvarlega eða jafnvel bara ekki lifa af eru í hópi sjö og sérfræðingar tóku saman þann lista."

Anna María segir skipulagningu við bólusetningar hérlendis hafa gengið afar vel og að hér sé þátttaka mun meiri en í mörgum öðrum löndum. „Það er glæsilegt og við erum mjög ánægð með hvað þetta gengur vel, þetta gengur eiginlega bara eins og smurð vél," segir hún.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku hannaði upplýsingatæknifyrirtækið Origo kerfi sem heldur utan um skipulagningu og boðun í bólusetningu. Anna María segir kerfið virka vel og að án þess hefði skipulag ekki gengið eins smurt fyrir sig. „Flækjustigið getur verið mjög mikið í þessu og það er algjört púsluspil að koma þessu öllu saman. Ef við hefðum ekki haft þetta kerfi hefði þetta orðið allt öðruvísi." **birnadrofn@frettabladid.is**

Sölvi kveðst saklaus af barsmíðum

SAMFÉLAG Fjölmiðlamaðurinn Sölvi Tryggvason segist saklaus af ásökunum í slúðursögu sem gengur um hann. Hefur hann leitað réttar síns. „Ég get ekki sagt ykkur hvað þessar sögur hafa haft mikil áhrif á mig, fjölskyldu mína og vini. Ég hef verið sem lamaður síðustu daga og neitaði lengi vel að trúa að fólk tæki þátt í að dreifa slúðursögum sem þessum," skrifar Sölvi á Instagramsíðuna sína.

Sagan snerist um að fyrir um tveimur vikum hefði þekktur einstaklingur keypt sér kynlífsþjónustu, gengið í skrokk á vændiskonunni, verið handtekinn og fluttur í varðhald. „Um þetta er bara eitt að segja, málið er þvættingur frá upphafi til enda," skrifar Sölvi en hann hefur leitað til Sögu Ýrar Jónsdóttur hæstaréttarlögmanns til að skoða

Sölvi Tryggvason segist alsaklaus af ásökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> **Um þetta er bara eitt að segja, málið er þvættingur frá upphafi til enda.**
>
> Sölvi Tryggvason, fjölmiðlamaður

næstu skref. Hann birti mynd úr málaskrá lögreglunnar um að engin afskipti hefðu verið höfð af honum síðan 1. apríl. „Þetta verður ekki skýrara. Það er ekkert til í þessum slúðursögum.

Ég óska engum að lenda í þeirri hakkavél sem slúðursögur eru. Þær eru mannskemmandi, niðurbrjótandi og hafa valdið mér og mínum meira hugarangri en ég hefði getað ímyndað mér," skrifar Sölvi. **– bb**


DÝNUDAGAR
Sérsníðum dýnur í öllum stærðum og gerðum fyrir hjónarúmið, bústaðinn, hjólhýsið, húsbílinn, fellihýsið og barnarúmið
20% afsláttur af öllum dýnum.
Komdu og gerðu frábær kaup
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | HOFSBÓT4 | AKUREYRI | 462 3504 | VOGUE.IS

Sjúkrahúsin anna ekki ástandinu vegna kórónaveirunnar í Delí

INDLAND Yfirvöld í Delí, höfuðborg Indlands, hafa óskað eftir aðstoð frá her landsins í baráttunni við aðra bylgju kórónaveirufaraldursins sem nú geisar í landinu. Neyðarástand ríkir á sjúkrahúsum borgarinnar þar sem skortur er á súrefni fyrir þá sem smitast hafa af veirunni. Borgaryfirvöld hafa farið þess á leit við indversk stjórnvöld að herinn setji upp búðir fyrir sjúklinga.

Talið er að 20 milljónir Indverja hafi sýkst af kórónaveirunni en um það bil 300.000 hafa smitast síðustu daga. Síðustu vikur hafa rúmlega 220.000 látist daglega af völdum veirunnar. Tilkynnt var um hátt í 400 þúsund ný tilfelli og tæplega 3.700 dauðsföll á Indlandi á sunnudaginn.

Um helgina létu um 400 manns lífið af völdum kórónaveirunnar í Delí og borgaryfirvöld telja þörf á að setja upp sjúkrabúðir sem sinnt geta 10.000 sjúklingum og gjörgæslurýmun fyrir 1.000 manns.

Sjúklingar eru meðhöndlaðir á götum úti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ágreiningur er á milli indverskra yfirvalda og borgaryfirvalda um ástæðu þessu að skortur sé á súrefni á sjúkrahúsum borgarinnar.

Stjórnvöld í landinu segja nóg súrefni vera til en erfiðlega gangi að flytja á súrefni á rétta staði.

Þessu eru borgaryfirvöld í Delí ósammála. Talið er að þetta þrátefli og neyðarástand af þeim sökum muni vara næstu vikur og valda því að enn fleiri látist.

Þrátt fyrir að vera stærsti framleiðandi heims að bóluefni gegn veirunni hafa einungis 10 prósent af 1,4 milljörðum íbúa Indlands fengið fyrri skammt af bóluefninu og tvö prósent eru svo fullbólusett. – hó

Enn er mótmælt í borgum Mjanmar.

Áframhaldandi ólga í Mjanmar

MJANMAR Fjölmenn mótmæli fóru fram í Mjanmar í gær en þá voru þrír mánuðir liðnir frá því að herinn gerði valdarán í landinu.

Yfirvöld í Mjanmar höfðu lagt blátt bann við mótmælum en skipuleggjendur og þátttakendur þeirra skelltu hins vegar skollaeyrum við þeim fyrirmælum.

Öryggissveitir felldu átta mótmælendur í nokkrum bæjum og borgum landsins í mótmælum sem haldin voru um síðustu helgi. Þær aðgerðir drógu aftur á móti engan kraft úr mótmælendum. – hó

Stærsta svæði barnaníðsefnis á vefnum lokað

ÞÝSKALAND Vefsvæði, sem talið er vera einn stærsti vettvangur barnaníðsefnis í heiminum, var lokað nýverið í kjölfar rannsóknar þýsku lögreglunnar sem staðið hefur í töluverðan tíma.

The Guardian segir frá. Þar kemur fram að á vefsvæðinu hafi verið um það bil 400.000 notendur frá öllum heimshornum. Vefþjónninn var leynilegur en mestmegnis var um að ræða myndir og myndskeið af ungum drengjum og gengu þær manna á milli.

Fjórir Þjóðverjar, þar á meðal stjórnandi vefsvæðisins, voru handteknir í aðgerðum lögreglunnar. Þá voru húsleitir gerðar á sjö stöðum í Bæjaralandi og Hamborg. – hó

Konur í sjávarútvegi stefna á enn meiri sýnileika en áður

Rósa Guðmundsdóttir, framleiðslustjóri Guðmundar Runólfssonar á Grundarfirði, var kjörin í stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Hún er eina konan í 19 manna stjórn en engin kona var kjörin í fyrra. Hún bendir á að fjöldi kvenna vinni í sjávarútvegi og ekkert sé til sem heiti karla- eða kvennastörf.

SJÁVARÚTVEGUR „Þetta er bæting frá síðasta ári þegar það var engin kona," segir Rósa Guðmundsdóttir, framleiðslustjóri Guðmundar Runólfssonar hf. á Grundarfirði, en hún er eina konan í stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Alls sitja nítján fulltrúar í stjórninni.

Ólafur Marteinsson, framkvæmdastjóri Ramma hf., var endurkjörinn formaður SFS á aðalfundi sem haldinn var fyrir helgi en Ólafur var einn í framboði.

Rósa hefur verið viðloðandi fisk frá unglingsárum en hún byrjaði árið 2008 sem vinnslustjóri. Undir hennar stjórn hefur fyrirtækinu vaxið fiskur um hrygg og tekið meðal annars nýtt vinnsluhús í notkun svo dæmi sé nefnt.

„Ég er þannig gerð að það er ekkert til í mínum huga sem heitir karla- og kvennastörf. Ég er búin að vera í mörg ár að vinna hjá fyrirtækinu og ég held að konur í sjávarútvegi muni hægt og rólega sjást þar eins og annars staðar í atvinnulífinu. Það er mjög mikið af konum í sjávarútvegi. Við þurfum kannski að stíga skrefið til að vera enn sýnilegri. Við erum að gera það hægt og rólega," segir hún.

Félag kvenna í sjávarútvegi var stofnað árið 2013 af hópi kvenna sem fann fyrir þörf á aukinni tengingu, samstarfi og eflingu kvenna í greininni. Það er markmið félagsins að gera konur sýnilegri bæði innan sjávarútvegsins og utan hans.

Aðalfundurinn fór fram á Zoom og var kjörið rafrænt. Ólafur beindi sjónum sínum að COVID, fiskeldi og kjaramálum enda samningar lausir. „Öll félög hafa vísað samninga-

Sjávarútvegur og fiskeldi voru um helmingur af vöruútflutningi landsins í fyrra. Aðalfundur SFS fór fram á Zoom þetta árið og var kosið rafrænt í stjórnina þar sem Rósa hlaut brautargengi ásamt 18 öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það er mjög mikið af konum í sjávarútvegi. Við þurfum kannski að stíga skrefið til að vera enn sýnilegri. Við erum að gera það hægt og rólega.**
>
> Rósa Guðmundsdóttir, framleiðslustjóri Guðmundar Runólfssonar hf.

gerðinni til Ríkissáttasemjara og verður framhaldið því undir stjórn hans. En vegferðin er hafin og það þarf ekki að koma á óvart að viðsemjendur skuli setja fram ýtrustu kröfur, það er eðli samninga. Þrátt fyrir það efast ég ekki um að við munum að lokum ná samningum," sagði Ólafur.

Um fiskeldið sagði hann: „Það er samt nokkuð dapurlegt að horfa til þess að sú atvinnugrein, ein fárra útflutningsatvinnugreina sem voru í vexti í fyrra, skuli þurfa að sæta mikilli ágjöf misviturra álitsgjafa."

Hann benti á að tilfinningar ættu ekki að stjórna umræðunni. „Það er eins varlega farið í fiskeldi á Íslandi og kostur er og ekki má gleyma því að stór hluti strandlengjunnar er lokaður fyrir fiskeldi. Fiskeldi er mikilvægt, ekki síst í þeim sveitarfélögum þar sem það er staðsett. Það er einnig mikilvægt fyrir þjóðarhag og nemur nú um 10 prósentum af útflutningi sjávarafurða."

Rósa hyggst byrja rólega og kynnast starfinu áður en hún fer að beita sér. „Auðvitað horfir maður á hina eðlilegu hagsmunagæslu fyrir sjávarútveginn og fyrirtækin í þessum geira." benediktboas@frettabladid.is

FERÐALÖG INNANLANDS

Föstudaginn 7. maí gefur Fréttablaðið út stórt og flott Ferðaþema.

Nú er það undir okkur komið að halda hjólum ferðaþjónustunnar gangandi og vera dugleg að ferðast innanlands í sumar og væntanlega fram á haust. Og þá er það ferðaþjónustunnar að vera dugleg að auglýsa hvað er í boði fyrir hinn almenna ferðamann, tilboð á gistingu, afþreyingu og veitingum.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:
Jóhann Waage Markaðsfulltúi Fréttablaðsins
johannwaage@frettabladid.is eða 550-5656

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Síldarvinnslan hf.

Auglýsing – Birting lýsingar

Í tengslum við hlutafjárútboð Síldarvinnslunnar hf. (Síldarvinnslan) og umsókn um töku allra hlutabréfa Síldarvinnslunnar til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. (Kauphöllin), hefur Síldarvinnslan birt lýsingu sem dagsett er 3. maí 2021, sem samanstendur af samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu (Lýsing)[1]. Lýsinguna má nálgast rafrænt á vefsíðu Síldarvinnslunnar, svn.is/fjarfestar/, næstu 10 ár eftir birtingu hennar. Áður en fjárfestar taka ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Síldarvinnslunni eru þeir hvattir til þess að kynna sér vel allar upplýsingar sem lýsingin hefur að geyma, þ.á m. skilmála útboðsins og umfjöllun um áhættu sem kemur fram í lýsingunni.

Hlutafjárútboð 10., 11. og 12. maí 2021

Hlutafjárútboð Síldarvinnslunnar er almennt hlutafjárútboð í skilningi laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Hlutafjárútboð í Síldarvinnslunni hefst kl. 10:00 þann 10. maí 2021 og lýkur kl. 16:00 þann 12. maí 2021. Í útboðinu hyggjast Samherji hf., Kjálkanes ehf., Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf., Hraunlón ehf. og Síldarvinnslan hf. (seljendur) selja 447.626.880 áður útgefna hluti í Síldarvinnslunni, sem samsvarar 26,3% af útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni. Gefi eftirspurn tilefni til áskilja seljendur sér rétt til að fjölga hlutum sem boðnir verða til sölu í útboðinu um allt að 51.000.000 hluti og verður þá salan í útboðinu sem samsvarar 29,3% af útgefnum hlutum.

Útboðið er markaðssett á Íslandi og er þátttaka í því heimil öllum þeim einstaklingum og lögaðilum sem hafa bæði íslenska kennitölu og eru fjárráða. Markmið með útboðinu er m.a. að Síldarvinnslan uppfylli skráningarskilyrði á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland m.t.t. dreifingar hlutafjár og fjölda hluthafa.

Fyrirkomulag útboðs og verðbil

Fjárfestar geta valið um tvær tilboðsbækur í útboðinu sem eru ólíkar hvað varðar stærð áskrifta og verð.

Tilboðsbók A

Í tilboðsbók A verða boðnir 90.909.091 hlutir. Fjárfestar gera tilboð innan verðbils 55-58 kr./hlut. Lágmarksfjárhæð áskriftar er 100.000 kr. og hámarksáskrift er 20.000.000 kr. Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í tilboðsbók A en samtala þeirra má ekki vera hærri en 20.000.000 kr. Allir hlutir í tilboðsbók A verða seldir á sama verði innan framangreinds verðbils sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (útboðsgengi tilboðsbókar A). Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður því hafnað. Útboðsgengi tilboðsbókar A verður ekki hærra en útboðsgengi tilboðsbókar B.

Tilboðsbók B

Í tilboðsbók B verða boðnir 356.717.789 hlutir. Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum yfir 20.000.000 kr. Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í tilboðsbók B en samtala þeirra má ekki vera hærri en sem nemur heildarstærð útboðsins. Í tilboðsbók B er ekkert hámarksverð áskrifta tilgreint af hálfu seljenda en fjárfestar leggja fram áskriftir á verði sem er jafnt eða hærra og lágmarksverð 55 kr./hlut. Allir hlutir í tilboðsbók B verða seldir á sama verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (útboðsgengi tilboðsbókar B). Áskriftum þar sem verð áskriftar er undir útboðsgengi tilboðsbókar B verður hafnað.

Áskriftum skal skilað í gegnum sérstakan rafrænan áskriftarvef sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef Landsbankans, landsbankinn.is/sildarvinnslan, við upphaf útboðsins. Söluandvirði útboðsins miðað við lágmarksverðið 55 kr./hlut er 24,6 ma.kr. en 27,4 ma.kr. ef ákveðið verður að fullnýta heimild til stækkunar á útboðinu.

Úthlutun og skerðing áskrifta

Í tilboðsbók A verða áskriftir skertar hlutfallslega, ef til umframeftirspurnar kemur, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til. Í tilboðsbók B verða áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi tilboðsbókar B samþykktar, þó þannig að ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar. Við skerðingu í tilboðsbók B verða áskriftir metnar á grundvelli verðs. Þannig verður leitast við að skerða ekki áskriftir sem eru yfir útboðsgengi tilboðsbókar B en þær áskriftir sem eru á útboðsgengi tilboðsbókar B verða skertar hlutfallslega með tilliti til fjárhæðar áskrifta á því gengi. Leitast verður við að skerða ekki áskriftir starfsmanna félagsins.

Fulltrúar seljenda áskilja sér rétt til þess að víkja frá meginreglum varðandi úthlutun og skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem þeir telja æskilegt, þ.m.t. að hafna áskriftum að hluta til eða í heild án frekari skýringa. Ákvörðun fulltrúa seljenda um skerðingar og úthlutun til fjárfesta er endanleg og hafa fjárfestar ekki rétt á frekari rökstuðningi fyrir úthlutun né geta þeir andmælt ákvörðun um skerðingar og úthlutun.

Gjalddagi og afhending

Greiðslufyrirmæli verða í formi rafrænna innheimtukrafna sem aðgengilegar verða í netbönkum. Gjalddagi og eindagi innheimtukrafna er fyrirhugaður 20. maí 2021. Afhending hluta er áformuð 26. maí 2021 að undangenginni greiðslu. Afhending mun auk þess aðeins fara fram hafi Nasdaq Iceland samþykkt að taka hluti í Síldarvinnslunni til viðskipta.

Fyrsti dagur viðskipta í kauphöll

Nasdaq Iceland mun tilkynna um fyrsta viðskiptadag með hluti Síldarvinnslunnar með eins viðskiptadags fyrirvara. Áætlaður fyrsti viðskiptadagur er 27. maí 2021.

Umsjónar- og söluaðilar útboðs og töku hlutabréfanna til viðskipta

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf.
Austurstræti 11, 155 Reykjavík
Sími: +354 410 4000
Tölvupóstfang:utbod@landsbankinn.is

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar A veitir Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans hf.
Sími: +354 410 4040,
Tölvupóstfang: vl@landsbankinn.is
Frekari upplýsingar:
landsbankinn.is/sildarvinnslan

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar B veitir Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf.
Sími: +354 410 4000,
Tölvupóstfang: utbod@landsbankinn.is
Frekari upplýsingar:
landsbankinn.is/sildarvinnslan

Neskaupstaður 4. maí 2021

[1] Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129 hefur staðfest lýsinguna sem dagsett er 3.maí 2021. Fjármálaeftirlitið Seðlabanka Íslands staðfestir einungis lýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, og ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem lýsingin varðar

Það vorar

Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Óhætt er að segja að staða bólusetninga sé misjöfn á milli ríkja heims. Eins og við mátti búast hafa ríkari þjóðir heims náð mun meiri útbreiðslu í bólusetningum en hinar fátækari.

Ísrael trónir á toppi bólusettra en þar höfðu á laugardag tæplega 63 prósent verið bólusett. Bandaríkin koma þar næst á eftir með um 44 prósent og Barein litlu minna.

Fréttir hafa verið fluttar af afleitri stöðu mála í Indlandi þar sem dögum saman hefur hvert metið verið slegið í fjölda smita og dauðsfalla. Bjargarleysið virðist þar í landi algert, skortur á lækningatækjum og aðstöðu fullkominn. Aflögufærar þjóðir brugðust seint við en hjálp kvað nú vera tekin að berast. Þar hafa rúmlega 9 prósent verið bólusett.

Búast má við að aðrar og enn fátækari þjóðir muni lenda í sambærilegum hremmingum áður en tekst að ráða niðurlögum heimsfaraldursins.

Hér á Íslandi ganga bólusetningar vel nú í seinni tíð. Þúsundir eru bólusettar daglega og gert ráð fyrir að 25 þúsund manns fái bóluefni í þessari viku. Standi áform bóluefnaframleiðenda um afhendingu styttist mjög í að hægt verði að aflétta takmörkunum daglegs lífs innanlands. Samkvæmt áætlun stjórnvalda verður það gert síðari hluta júní og þangað til stigin ákveðin skref í þá átt. En þar með er björninn ekki unninn. Fjöldi atvinnugreina á í rekstrarerfiðleikum og tugþúsundir eru án atvinnu. Gera má ráð fyrir að afleiðingar þessa verði langvarandi.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur bent á að vægi ferðaþjónustunnar hafi verið of mikið í íslensku efnahagslífi áður en heimsfaraldurinn skall á. Þekking og færni vinnuafls hér á landi sé mikil en vannýtt þar sem nýting þess og verðmætasköpun í upplýsingatækni og hátækni sé ekki í réttu hlutfalli við getu og færni vinnuaflsins, er haft eftir yfirmanni sendinefndar sjóðsins. Nú þegar hilli undir endalok faraldursins þurfi að byggja ferðaþjónustuna upp samhliða öðrum atvinnugreinum.

Faraldurinn hefur kennt okkur margt. Eggin verða að vera í fleiri körfum. Stjórnvöld verða að fara fyrir aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu.

Leiða má að því rök að uppgangur ferðaþjónustunnar hér hafi verið of hraður því þeir innviðir sem fyrir voru hafi ekki verið nægjanlega sterkir til að taka á móti þeim fjölda sem hingað leitaði. Viðkvæm náttúra á fjölförnum stöðum var víða farin að láta á sjá og þjóðvegir um landið ekki gerðir til að taka á móti þeirri umferð sem á þá leitaði svo dæmi séu tekin.

Og nú er ferðamannasumarið 2021 hafið. Hingað hafa undanfarna daga streymt bólusettir ferðamenn frá Bandaríkjunum og ekki vafi á að ferðamenn frá öðrum löndum sem svipað er ástatt um muni bráðlega leggja leið sína hingað. Flugferðum til og frá landinu fjölgar. Gististaðir um landið munu verða opnaðir á ný, bílaleigubílar settir aftur á númer, dúkar breiddir á borð á veitingahúsum landsins, ferðaþjónustan snýst í gang og fólk tínist af atvinnuleysisskrá.

Það vorar á Íslandi á næstunni.

Þúsundir eru bólusettar daglega og gert ráð fyrir að 25 þúsund manns fái bóluefni í þessari viku.

Halldór

Frá degi til dags

Ófrægingarþversögnin

Tveir trúnaðarmenn blaðamanna á Morgunblaðinu hættu sem slíkir í gær til þess að mótmæla afskiptum stjórnar Blaðamannafélags Íslands af auglýsingabirtingu á mbl.is þar sem Samherji pönkast áfram markvisst á fréttamanninum Helga Seljan. Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Stundarinnar, fær á Facebook ekki betur séð en að fyrir trúnaðarmönnunum þvælist tjáningarfrelsi útgerðarinnar og réttur og þörf miðilsins fyrir að afla tekna frá sömu útgerð í ófrægingarherferð gegn fréttamanni. Stéttarfélag blaðamanna virðist því ekki mega gagnrýna „aðild útgáfufélaga að herferðum gegn blaðamönnum vegna þess að blaðamenn þurfa tekjur frá þeim sem halda úti ófrægingarherferðunum."

Ranghverfumóar

Blaðamannafélag Íslands er bæði fagfélag og stéttarfélag og ályktun þess bendir eindregið til að nýr formaður, Sigríður Dögg Auðunsdóttir, ætli að auka vægi faglega þáttarins. Jón Trausti furðar sig einmitt á því að loksins þegar félagið taki upp hanskann fyrir fréttamann skuli trúnaðarblaðamennirnir rísa upp á afturlappirnar. „Þetta virkar eins og ranghverf afsögn. Vonandi treystir einhver annar sér til að vera fulltrúi stéttarfélagsins þarna innanhúss og ofan móa." toti@frettabladid.is

Horfum til framtíðar

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Sólskin síðustu daga er táknrænt fyrir tímana sem nú fara í hönd. Það birtir til og hlýnar og við lesum góðar fréttir dag eftir dag. Vel yfir 100 þúsund Íslendingar hafa fengið allavega fyrri skammt bóluefnis. Bjartsýni eykst hjá íslenskum fyrirtækjum og fleiri sjá fram á fjölgun starfsfólks en fækkun. Þotur hefja sig til flugs og það styttist í að heimurinn opnist á ný, hægt og rólega.

Undanfarið höfum við sett fram skýrar áætlanir um framvinduna. Gangi allt að óskum vonumst við til að draga úr sóttvarnaaðgerðum innanlands næstu vikur og afnema þær loks í lok júní, þegar meirihluti fullorðinna hefur fengið minnst eina sprautu. Við endurheimtum brátt eðlilegt líf. Fyrir helgi kynntum við auk þess framlengingu og smíði nýrra úrræða til að styðja áfram við fólk á lokametrunum. Nefna má framlengda úttekt séreignar og framlengda og útvíkkaða viðspyrnustyrki, þar sem lágmark tekjufalls lækkar niður í 40%, afturvirkt. Við greiðum út sérstakan barnabótaauka, framlengjum og útvíkkum lokunarstyrki, heimilum hliðrun stuðningslána og framlengjum frestun skattgreiðslna. Við innleiðum styrki til endurráðninga, kynnum græna fjárfestingarhvata og nýja ferðagjöf. Áfram mætti lengi telja. Alls eru úrræðin á annan tug og var lögð sérstök áhersla á að hlusta á ábendingar úti í samfélaginu um hvað mætti gera enn betur.

Þrátt fyrir allt hefur gengið vel síðustu mánuði. Kaupmáttur jókst í fyrra þrátt fyrir heimsfaraldurinn og innlend eftirspurn dróst lítið saman. Að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins stuðluðu viðbrögð stjórnvalda að betri þróun en flestir gerðu ráð fyrir, en við byggðum á traustum grunni hagstjórnar síðustu ára. Aðgerðirnar veittu ekki bara skjól, heldur einnig nauðsynlegt súrefni til fyrirtækja til að halda sjó og ná vopnum sínum á ný þegar birtir til. Við þetta bætist fjárfesting í nýsköpun, rannsóknum og þróun – sem saman munu stuðla að fjölda nýrra starfa og draga hratt úr atvinnuleysi á komandi misserum.

Veturinn einkenndist af óvissu og vörn, en nú horfum við til framtíðar. Sumarið verður tími endurreisnar og sóknar.

Þrátt fyrir allt hefur gengið vel síðustu mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Skýrslu Evrópunefndar Sjálfstæðisflokksins stungið undir stól

Ólafur Arnarson
hagfræðingur

Eftir hrun íslensku krónunnar og bankakerfisins árið 2008 neyddist forysta Sjálfstæðisflokksins loks til að opna umræðu um aðild Íslands að ESB. Í nóvember 2008 var sett á fót Evrópunefnd Sjálfstæðisflokksins til að yfirfara stefnu flokksins í Evrópumálum. Kristjáni Þór Júlíussyni og Árna Sigfússyni var falið að stýra vinnunni. Sjö málefnahópar störfuðu og viðurkenndir sérfræðingar voru fengnir til ráðuneytis á hverju sviði auk þess sem fjöldi sjálfboðaliða um allt land tók þátt í opnu fundarstarfi.

Í nóvember 2008 var orðræðan á þá leið að með starfi Evrópunefndarinnar hygðist Sjálfstæðisflokkurinn skilgreina samningsmarkmið sem hann myndi leggja áherslu á í aðildarviðræðum við ESB. Sérfræðingar og aðrir gengu til þessa verkefnis í góðri trú og skýrslan er vönduð að gerð og áhugaverð. Dregnar eru upp sviðsmyndir og greinilega er yfirgnæfandi áhugi innan flokksins á að láta reyna á aðild, aðallega vegna ónýtrar krónu.

Endurreisn á nýjum grunni

13. desember 2008 birtist grein í Fréttablaðinu undir fyrirsögninni Endurreisn á nýjum grunni eftir þingmennina Bjarna Benediktsson og Illuga Gunnarsson. Þeir telja skynsamlegt „að fara að nýju yfir það hagsmunamat sem ráðið hefur afstöðu Sjálfstæðisflokksins til þessa, með sérstaka áherslu á framtíðarstefnu í peninga- og gjaldmiðilsmálum“. Þeir bæta við: „Verði það niðurstaða endurmats Sjálfstæðisflokksins að hagsmunum þjóðarinnar sé enn betur borgið utan ESB væri það engu [að] síður mjög í samræmi við ríka lýðræðishefð í Sjálfstæðisflokknum að láta málið ganga til þjóðarinnar í kjölfar viðræðna, þar sem ítrustu hagsmuna hefur verið gætt.“

Í skýrslu Evrópunefndarinnar, sem var lögð fyrir landsfund í lok mars 2009, kemur fram að ekki hafi náðst niðurstaða, skiptar skoðanir hafi verið á lofti, en skýrslan ber engu að síður með sér að afgerandi meirihluti þeirra sem komu að starfi nefndarinnar vildi taka upp evru í stað krónu og að raunhæfasta leiðin að því væri innganga í ESB. Stórútgerðin lagðist hins vegar þver gegn þessu og ljóst er að raunverulegt hagsmunamat varðandi Evrópustefnu Sjálfstæðisflokksins fer fram í Borgartúni en ekki Valhöll.

Sjálfstæðið eða sjávarútvegur?

Á landsfundinum var lítið gert með skýrslu Evrópunefndarinnar og henni nánast stungið undir stól. Fundurinn ályktaði að ekki skyldi aðeins bera niðurstöður aðildarviðræðna undir þjóðaratkvæði heldur skyldi þjóðin kjósa um hvort yfirleitt yrði gengið til viðræðna.

Þessi flétta var bersýnilega ætluð til að drepa málinu á dreif. ESB-aðild yrði augljóslega eitt af stóru kosningamálunum í alþingiskosningunum í apríl 2009 og sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla því með öllu óþörf.

Segja má að þarna hafi Sjálfstæðisflokkurinn afsalað sér forystuhlutverki í utanríkismálum þjóðarinnar, ekki bara lagt niður árar hvað varðar þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu samstarfi heldur beinlínis farið að róa í öfuga átt. Í BA-ritgerð sinni frá 2013, Sjálfstæðið eða sjávarútvegurinn?, færir Hörður Unnsteinsson stjórnmálafræðingur rök fyrir því að mikil fjárhagsleg tengsl flokksins og einstakra þingmanna hans við sjávarútveginn séu lykilástæða andstöðu flokksins við ESB-aðild.

Afdrifarík varðstaða

Í árslok 2008 voru miklar væntingar um stefnubreytingu Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum en fljótlega varð ljóst að fátt myndi breytast. Orðræða forystunnar gegn ESB fór harðnandi. Sérhagsmunaverðir, sem einatt ráða för í flokknum, hertu tök sín. Meðal annars varð Bjarna Benediktssyni ljóst að hann ætti litla möguleika í formannskjöri færi hann ekki eindregið gegn ESB-aðild.

> **Á landsfundinum var lítið gert með skýrslu Evrópunefndarinnar og henni nánast stungið undir stól.**

Viðmælandi minn, sem vel þekkir til innandyra í Sjálfstæðisflokknum, sagði að í ESB-málinu hefði flokkurinn gert það sem hann geri best, það sem hann geri ávallt þegar þjóðin krefst breytinga sem gangi gegn sérhagsmunum sterkustu bakhjarla flokksins. Lýst sé áhuga á að taka þátt og ná fram umbeðnum breytingum. Þegar til komi sé dregið úr og sagt að skoða þurfi mál betur, ekki megi flana að neinu. Lagðar til fléttur til að tefja og afvegaleiða mál. Dæmi um þetta séu veiðigjöld, stjórnarskrá, nú síðast sóttvarnalög og ekki síst ESB-aðildin. „Þetta er alltaf það sama, þykjast vilja og taka þátt alveg þar til á ögurstundu. Þá er gripið í handbremsuna. Allt til að þjóna stórútgerðinni.“

Þessi harða afstaða gegn ESB-aðild klauf Sjálfstæðisflokkinn og leiddi til stofnunar Viðreisnar. Sjálfstæðisflokkurinn, sem frá stofnun 1929 og fram á þessa öld var yfirleitt með 35-40 prósent kjörfylgi í þingkosningum, hefur frá 2009 jafnan legið í kringum 25 prósent sem líkast til endurspeglar þá staðreynd að varðstaða um sérhagsmuni og skeytingarleysi gagnvart heildarhagsmunum hefur kostað flokkinn þriðjung fylgis hans.

Veðurstofa Íslands
Vísindi á vakt



ÁRSFUNDUR VEÐURSTOFU ÍSLANDS 2021

Brú milli vísinda og samfélags
– leiðin til aðlögunar vegna loftslagsbreytinga

MIÐVIKUDAGINN 5. MAÍ KL. 9

Loftslagsbreytingar eru náttúruvá og mesta áskorun sem samfélagið stendur frammi fyrir. Á sama hátt og við bregðumst við þegar náttúruvá á borð við eldgos á Reykjanesskaga dynur yfir, þarf samfélagið að beita réttum aðgerðum við að takast á við loftslagsbreytingar. Þær aðgerðir þurfa að byggja á vísindalegum grunni sem myndar *„brú milli vísinda og samfélags“* og eykur getu okkar til að takast á við áskoranir af völdum loftslagsbreytinga.

Á ársfundinum verður farið yfir þær áskoranir sem við sem samfélag stöndum frammi fyrir þegar kemur að áhrifum loftslagsbreytinga ásamt því að kynnt verða fyrstu skrefin til að styrkja þessa brú milli vísinda og samfélags í gegnum nýjan samstarfsvettvang fjölmargra stofnana og hagaðila undir forystu Veðurstofu Íslands.

ÁRSFUNDURINN ER FJARFUNDUR OG VERÐUR STREYMT

Fundurinn hefst kl. 9 og honum lýkur kl. 10.30 miðvikudaginn 5. maí

Hjá Veðurstofu Íslands starfar öflugur hópur fólks sem hefur það hlutverk að stuðla að bættu öryggi almennings, eigna og innviða gagnvart öflum náttúrunnar. Því hlutverki sinnir starfsfólk Veðurstofunnar með vöktun lofts, láðs og lagar, byggðri á öflun og greiningu gagna, rannsóknum, þróun og miðlun upplýsinga. Jafnframt er það hlutverk Veðurstofunnar að styðja sjálfbæra nýtingu náttúrunnar og samfélagslega hagkvæmni.

Nánari upplýsingar má finna á vedur.is

Baráttan við loftslagsbreytingar er sameiginleg ábyrgð heimsins

Jin Zhijian
sendiherra Kína á Íslandi

Loftslagsbreytingar eru sameiginleg áskorun allra þjóða heimsins. António Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lagði í febrúar á þessu ári áherslu á að árið 2021 yrði ákveðinn vendipunktur fyrir aðgerðir þjóða í baráttunni við loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra. Þrátt fyrir þá staðreynd að flestar þjóðir heims hafi lagt sig fram í þessum efnum, þá erum við enn langt frá því að ná markmiði Parísarsáttmálans. Allar þjóðir heims þurfa því að herða baráttuna við þessa miklu vá.

Kína lagði mikið af mörkum til að sátt næðist um Parísarsáttmálann og hefur síðan virt hann og stigið stór skref frá orðum til athafna. Í Kína hefur verið unnið ötullega að því að byggja upp umhverfisvænt samfélag, sem fer sparlega með auðlindir og ákvæði um umhverfis- og vistvæn þróunarmarkmið eru nú bundin í stjórnarskrá landsins.

Á liðnum árum hefur Kína hrint í framkvæmd aðgerðum gegn loftslagsbreytingum og einarðlega leitað leiða til grænna lausna og samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda. Þannig hefur náðst mikill árangur, m.a. í því að draga úr losun koldíoxíðs, eyðingu skóglendis, vexti eyðimarka og að bæta innviði orkuframleiðslu og dreifikerfa.

Við lok árs 2019 hafði meðalútblástur gróðurhúsalofttegunda sem hlutfall af vergri landsframleiðslu lækkað um 48,1% miðað við árið 2005 og hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa af orkuauðlindum hækkað upp í 15,3%.

Kína hefur mörg undanfarin ár staðið öðrum þjóðum framar á sviði endurnýjanlegra orkugjafa hvað varðar fjölda einkaleyfa, fjárfestinga og uppbyggingar raforkuframleiðslu og dreifikerfa. Hlutur Kína í mögulegri raforkuframleiðslu með sólar- og vindorku er nú um þriðjungur á heimsvísu.

Á sama tíma hefur Kína ráðist í umtalsverða kolefnisbindingu með umfangsmikilli og aukinni skógrækt. Á árinu 2018 hafði stærð og umfang skógræktarsvæða aukist um 45,09 milljón hektara og um 5,104 milljarða rúmmetra miðað við árið 2005. Á þessu tímabili var með þessu mesti vöxtur skóglendis í heiminum í Kína. Á árinu 2020 var fjöldi nýrra rafmagnsfaratækja framleiddur í Kína 1.366.000, þegar heildarfjöldi seldra nýrra rafmagnsfarartækja var 1.367.000 og skipaði Kína sér með þessu í fyrsta sæti á heimsvísu sjötta árið í röð.

Þann 22. september 2020 lýsti forseti Kína, Xi Jinping, á vettvangi 75. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna því einarðlega yfir að Kínverjar myndu auka enn framlag sitt með kröftugri stefnumörkun og aðgerðum í umhverfismálum og Kína stefndi að því að heildarlosun koltvíoxíðs myndi ná hámarki fyrir árið 2030, og að kolefnishlutleysi yrði náð fyrir árið 2060. Þetta mun taka mun styttri tíma í Kína

heldur en hjá þróuðum ríkjum, og mun Kína leggja mikið á sig til að ná þessum markmiðum.

Á sérstakri loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (Climate Ambition Summit) þann 12. desember 2020 lagði forseti Xi Jinping ríka áherslu á þörfina fyrir að við þéttum raðirnar og tækjum stærri skref á sviði stjórnunar loftslagsmála, sem feli í sér aukna samvinnu og sameiginlegan ávinning. Hann lýsti af hálfu Kínverja yfir enn metnaðarfyllri eftirfarandi losunarmarkmiðum fyrir 2030: Kína hafi þá lækkað losun koldíoxíðs sem hlutfall á einingu af vergri landsframleiðslu (GDP) um meira en 65% miðað við árið 2005, aukið hlut endurnýjanlegra orkugjafa af orkuauðlindum í 25%, aukið magn skóglendis í 6 milljarða rúmmetra miðað við 2005 og aukið getu til raforkuframleiðslu með vind- og sólarorku í meira en 1,2 milljarða kílóvött.

Þann 22. apríl 2021, á loftslagsráðstefnu heimsleiðtoga í boði Bandaríkjanna, lagði forseti Xi Jinping áherslu á hina margbrotnu hugsun og kjarna hinnar nýju hugmyndar um „samfélag manns og náttúru“ og kynnti tillögur Kína til að styrkja loftslagsstjórnun á heimsvísu.

Þessar aðgerðir sýna að Kína mun halda áfram á þeirri vegferð að þróa grænar lausnir, stefna á kolefnishlutleysi og mun axla þá ábyrgð að taka þátt í uppbyggingu í þágu sameiginlegrar framtíðar mannkyns. Með þessu hefur Kína aukið sjálfstraust þjóða heimsins til að takast á við loftslagsbreytingar og staðið dyggilega vörð um og stutt alþjóðlega samvinnu í baráttu við áskoranir á sviði loftslagsmála. Nú er í Kína unnið að gerð sérstakrar áætlunar til að standa við áðurnefndar skuldbindingar og þróa hagnýtar lausnir til að ná settum markmiðum og leggja ríkulega af mörkum til stuðnings sjálfbærrar þróunar á alþjóðavísu.

Auk þessa á Kína í nánu samstarfi við önnur lönd, alþjóðlegar stofnanir og félagasamtök og gegnir mikilvægu hlutverki í að hvetja til og viðhalda alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Það er ekki síður mikilvægt að vinna gegn loftslagsbreytingum meðan COVID-19 faraldurinn herjar á heimsbyggðina. Alþjóðasamfélagið má ekki slá slöku við heldur ber því að standa við loftslagspólitískar skuldbindingar og markmið skv. alþjóðlegum samningum, stuðla að samheldni og samvinnu og styðja við stefnuna, sem byggir á sýninni „sameiginleg en mismunandi ábyrgð“ (CBDR principle; common but differentiated responsibilities). Það þarf að tryggja eftirfylgni og framþróun Parísarsáttmálans, virkt stjórnkerfi loftslagsmála og stuðning við hagnýtar aðgerðir og lausnir.

Kína og Ísland eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta í baráttunni við loftslagsbreytingar. Samstarf landanna m.a. á sviði jarðhitanýtingar og kolefnishringrásar hefur borið ríkulegan ávöxt. Löndin okkar tvö geta styrkt samstarf sitt á þessum sviðum enn frekar, stutt dyggilega við innleiðingu Parísarsáttmálans og lagt sitt af mörkum til uppbyggingar sanngjarns og réttláts stjórnkerfis loftslagsmála til hagsbóta fyrir alla. Þannig má stuðla að „grænni upprisu“ efnahags heimsins þegar faraldrinum lýkur. Við getum að auki unnið ötullega að því að dýpka upplýsingaflæði og samvinnu milli umhverfisverndarstofnana okkar og leitað stöðugt eftir tækifærum til frekari samvinnu á fleiri sviðum svo sem um þróun rafbíla, vindorku og vatnsorku og lagt meira af mörkum til verndar sameiginlegri jörð okkar allra.

FRÍ HEIMSENDING
á vörum keyptum í vefverslun okkar www.grillbudin.is*
*Sjá nánar - Um grillbúðina/skilmálar

SUMARTILBOÐ

Njóttu lífsins heima í sumar
með vönduðu grilli frá Grillbúðinni

Enders® gasgrill San Diego 3ja brennara

Afl 7,1 KW
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Grillgrindur úr ryðfríu stáli
- Kveiking í öllum tökkum
- Hitadreifarar úr ryðfríu stáli
- Hitamælir
- Stór efri grind
- Grillflötur 50,5 x 33 cm
- Stærð 102 x 107 x 52 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

34.900

LANDMANN Rafmagnsgrill
Your World of BBQ

Afl 2.000 wött
- Grillgrindur úr emaleruðu pottjárni
- Sjálfkveikjandi hitamælir
- Grillgrindur úr pottjárni
- Lok úr áli
- Losanleg hliðarborð
- Grillflötur 48 x 37 cm

FULLT VERÐ 79.900
SUMARTILBOÐ
69.900

LANDMANN gasgrill Avalon 4+2 brennara
Your World of BBQ

Afl 23 KW
- Ryðfrítt stál
- 4 ryðfríir brennarar
- Tvöfalt einangrað lok
- Grillgrindur úr pottjárni
- Gashella í hliðarborði
- Bakbrennari fyrir grilltein
- Postulínsemalerað eldhólf
- Rafkveikja fyrir alla brennara
- Álsteypa í hliðum og framhlið
- Stór efri grind - Hitamælir
- Grillflötur 70,8 x 51 cm
- Þyngd 98 kg

FULLT VERÐ 329.900
SUMARTILBOÐ
279.900

LANDMANN gasgrill Triton 3ja brennara
Your World of BBQ

Niðurfellanleg hliðarborð

Afl 10,5 KW
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Rafkveikja - Hitamælir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór efri grind
- Grillflötur 65 x 44 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

FRÍ HEIMSENDING
Nánar á www.grillbudin.is

FULLT VERÐ 99.900
SUMARTILBOÐ
89.900

Enders® Rafmagnshitari



- 2.000 Wött með innrauðri stuttbylgjutækni
- Hitinn kemur strax og kveikt er
- Fjarstýring - 3 stillingar 750,1.500 og 2.000 wött

39.900

LANDMANN Hanskar grillmeistarans
Your World of BBQ

Mjög hitaþolnir
2 stk í pakka

4.990

LANDMANN kolagrill
Your World of BBQ

Niðurfellanleg hliðarborð

Frábært kolagrill sem er hannað eins og gasgrill
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrandi lok
- Stillanleg hæð á kolum
- Hitamælir í loki
- Stór efri grind
- Niðurfellanlegar hliðarhillur
- Skúffa undir öllu grillinu til að tæma ösku
- Grillflötur: 42 x 56 cm
- Stærð: B 133 x H 109 x D 56cm
- Borð niðri: B 82 x H 109 x D 56cm

FULLT VERÐ 59.900
SUMARTILBOÐ
49.900

Enders® gasgrill San Diego 4ra brennara

Afl 8 KW
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Grillgrindur úr ryðfríu stáli
- Kveiking í öllum tökkum
- Hitadreifarar úr ryðfríu stáli
- Hitamælir
- Stór efri grind
- Grillflötur 61,5 x 33 cm
- Stærð 112 x 100 x 50 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fit undir öllu grillinu

44.900

Enders® gasgrill Chicago Turbo 3ja brennara

Niðurfellanleg hliðarborð

Afl 10,4 KW
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Þar af ofurbrennari 4 KW
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum tökkum
- Hitamælir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór efri grind
- Grillflötur 60 x 42 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

Ofurbrennari fyrir snöggsteikingu
TURBO ZONE

FULLT VERÐ 79.900
SUMARTILBOÐ
69.900

Enders® gasgrill Kansas Pro Turbo 4ra brennara

Afl 19,1 KW
- Ryðfrítt stál
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Þar af ofurbrennari 4,2 KW
- Simple Clean hreinsikerfi
- Tvöfalt einangrað lok
- Grillgrindur úr pottjárni
- Gashella í hliðarborði
- Bakbrennari fyrir grilltein
- Kveiking í öllum tökkum
- Stór efri grind - Hitamælir
- Grillflötur 60 x 45 cm

SIMPLE CLEAN
Hreinsikerfi

Ofurbrennari fyrir snöggsteikingu
TURBO ZONE

209.900

LANDMANN þráðlaus kjöthitamælir fyrir grill og ofna
Your World of BBQ

- Fyrir grill og ofna
- Einn hitanemi
- Forstilltur fyrir kjöttegund og hitastig
- Mjög auðveldur í notkun

7.990

Enders® fjölnota ferðagasgrill

Afl 4,4 KW
- 2 brennarar úr ryðfríu stáli
- Hægt að nota sem gashelluborð
- Stærð grillflatar: 48 x 32 cm
- Stærð með fótum: B 59 x D 47 x H 76
- Stærð án fóta: B 48 x D 42 x H 34
- Langir og stuttir fætur fylgja

39.900

Einnig fyrir potta

Verslaðu í þægindum heima í okkar glæsilegu vefverslun www.grillbudin.is

Grillbúðin

Opið virka daga 11-18 - Laugardaga 11-16

Smiðjuvegi 2 Kópavogi - Sími 554 0400

Fyrir kerfið – gegn almenningi

Agla Eir Vilhjálmsdóttir
lögfræðingur
Viðskiptaráðs Íslands

Af reynslunni er ljóst að með aðkomu einkaaðila á viðeigandi sviðum er hagsmunum sjúklinga vel borgið sem og fjármunum hins opinbera.

Viðbrögð heimsbyggðarinnar við heimsfaraldri COVID-19 hafa sýnt sérstaklega vel fram á kosti öflugs samstarfs hins opinbera og einkaframtaksins þar sem bóluefni hafa verið þróuð og framleidd af lyfjafyrirtækjum á mettíma, í góðu samstarfi við opinbera aðila. Hvorugur aðilinn hefði getað náð þessum árangri á jafnskömmum tíma án hins. Nærtækt dæmi hér á landi er samstarf Íslenskrar erfðagreiningar við heilbrigðisyfirvöld.

Hið opinbera og einkaaðilar eiga að vera bandamenn um árangur. Það sem skiptir máli er að þjónusta við almenning sé góð og skilvirk og að hún sé veitt eins mikið á forsendum notandans og hægt er. Íslendingar eru sammála um að hér á landi eigi að vera öflugt heilbrigðiskerfi, en hvað er það sem einkennir slíkt kerfi? Í slíku kerfi hafa allir aðgang að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Hagsmunir sjúklinga eiga að vera í fyrsta sæti; kerfið þjónar fólkinu, en ekki öfugt. Heilbrigðisráðherra virðist hafa aðra sýn á málið og setur hagsmuni kerfisins í forgang.

Ráðherra svaraði á dögunum gagnrýni á fyrirhugaða reglugerð sína um þjónustu sérgreinalækna og lýsti yfir skýrum vilja til að ná samningum milli ríkisins og læknanna. Ekki væri þó hægt að koma til móts við kröfur lækna sem hefðu séð sig tilneydda til að rukka aukagjöld til hliðar við gjaldskrá SÍ. Læknar hafa bent á að þessi gjaldskrá taki ekki mið af raunkostnaði þjónustunnar. Í grein sinni vísar ráðherra ítrekað til heilbrigðisstefnu sem Alþingi samþykkti 2019. Í þeirri sömu stefnu er einmitt fjallað um að Sjúkratryggingar Íslands hafi ekki gert fullnægjandi mat og greiningar við kaup á þjónustu. Er þá skrýtið að læknar haldi því fram að greiðslur til þeirra taki ekki mið af kostnaði?

Hagsmunir almennings

Því verður ekki haldið fram að kerfið sé gallalaust. Í heilbrigðisstefnunni er raunar fjallað um annmarka sem eru á fyrirkomulagi þjónustu sérgreinalækna, eins og að kaup ríkisins á þjónustu sérgreinalækna hafi ekki stuðst við greiningu á þörfum sjúklinga og að sérgreinalæknar fái greitt eftir afköstum sem feli í sér hvata til að veita þjónustuna sem oftast og skapi þannig hættu á ofnotkun.

Þessa galla má laga, en með því að víkja sér undan að sníða vankantana af núverandi kerfi og efla samstarf hins opinbera og einkaaðila, stuðlar heilbrigðisráðherra að verri þjónustu við sjúklinga. Þannig munu þeir sem hafa ekki fjárhagslega burði til að nýta sér þjónustu sérgreinalækna ekki eiga neitt val, heldur verða að leita til ríkisrekinna heilbrigðisstofnana með tilheyrandi töfum. Samhliða tapar öll þjóðin þar sem við takmörkum frelsi heilbrigðisstarfsfólks til að velja sér vinnustað og sitjum á endanum eftir í alþjóðlegu kapphlaupi um hæfileikaríkt fólk.

Af reynslunni er ljóst að með aðkomu einkaaðila á viðeigandi sviðum er hagsmunum sjúklinga vel borgið sem og fjármunum hins opinbera. Þar má til dæmis benda á vel heppnaða aðgerð sem fólst í samningum ríkisins við einkareknar heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu, sem einmitt skora hæst í ánægjukönnunum notenda. Þær hafa hvorki reynst dýrari fyrir einstaklinginn, né hið opinbera.

Ætlun heilbrigðisráðherra er að flytja þjónustu sérgreinalækna á sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Þar með hundsar hún kosti samstarfs við einkaaðila sem felur í sér betri nýtingu fjármuna, styttri biðlista og valfrelsi sjúklinga og starfsfólks. Samstarf sem leiðir til betra heilbrigðiskerfis þar sem hagsmunir almennings eru í öndvegi.

Hálendisþjóðgarður – skiptir stærðin máli?

Tryggvi Felixson
formaður Landverndar

Framlagt frumvarp um Hálendisþjóðgarð sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er málamiðlun og byggir á áralangri vinnu og samráði. Vissulega eru sjónarmið ólík og umtalsverð ágreiningsmál óleyst.

Í hugum flestra Íslendinga er hálendið stórt, stórbrotið og framandi, en líka heillandi og dásamlegt. Það nær yfir um 40% af landinu okkar. Í frumvarpi um stofnun Hálendisþjóðgarðs er ráðgert að drjúgur hluti þess verði þjóðgarður.

Birgir Guðjónsson læknir og þjóðgarðaunnandi spyr í grein í Fréttablaðinu 22. apríl sl. hvort það geti passað að stunda megi veiðar í þjóðgarði. Hann lýsir unaðsstundum í þjóðgörðum í Bandaríkjunum þar sem slíkt er ekki heimilað, segir stærð þjóðgarða ekki skipta máli og að hann hafi orðið agndofa yfir rökum fyrir Hálendisþjóðgarði í frumvarpi sem er til umfjöllunar á Alþingi.

Hvað er verndað í þjóðgarði?

Ekki er til ein alþjóðleg uppskrift að því hvað má kalla þjóðgarð. Á undanförnum 150 árum hafa verið stofnaðir hátt í þriðja þúsund þjóðgarðar og þeir eru fjölbreyttir að stærð og gerð. Hver þjóð er frjáls um hvaða leið er valin. Oft, líka í því frumvarpi sem nú liggur fyrir, er valin sú leið að skipta þjóðgörðum í svæði eftir leiðbeiningum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna. Þannig er verndarsvæðum skipt í sjö megingerðir; allt frá svæðum með mjög stranga vernd – til svæða þar sem heimiluð er sjálfbær hefðbundin nýting náttúruauðlinda. Mörg dæmi eru um vernd fagurs landslags, þar sem sveitir og borg og bær eru með talin. Verndun sérstakra náttúruvætta er algeng, ekki síst í Bandaríkjunum. Einnig eru dæmi eru um algjöra friðun svæða, eins og Surtseyjar.

Verðmætin okkar

Hálendi Íslands er afar verðmætt vegna landslags, náttúrufars, vatnafars, gróðurminja, jarðminja og síðast en ekki síst vegna óbyggðra víðerna. Verðmætin liggja ekki síst í því hve fjölbreytnin er mikil og hve fágætt er að finna svo mikla fjölbreytni náttúrufyrirbæra á einu afmörkuðu landsvæði. Hálendið er eina verulega stóra svæðið sunnan heimskautsbaugs í Evrópu þar sem menn hafa aldrei haft búsetu og það er líklega stærsta óbyggða víðerni í Evrópu utan Svalbarða. Þegar víðerni eru vernduð skiptir stærðin sannarlega máli.

Hvað má nýta á hálendinu?

Svæði á hálendinu eru nýtt bæði til veiða og beitar, sem sannarlega teljast til hefðbundinna nytja. Slík svæði má því fella undir skilgreiningu Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna um verndarsvæði. Í frumvarpinu sem Birgir vísar til er tilgreint að nytjar á hálendinu skuli vera sjálfbærar, þ.e. ekki má ganga á og spilla þeirri auðlind sem nytjuð er. Orkumannvirki og uppbyggða vegi er ekki hægt að fella undir skilgreiningar Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna og ber því að halda utan þjóðgarðsmarka.

Verðmætasta auðlindin

Að mati Landverndar er hálendið okkar ein verðmætasta auðlind Íslands, ef ekki sú verðmætasta. Því er mikilvægt að vernda hana og nýta með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Stærðarmörkin sem tilgreind hafa verið í frumvarpinu miðast við hálendislínu og þau svæði sem skilgreind hafa verið sem þjóðlendur.

Engin virkjanamannvirki innan þjóðgarðs

Svæðum með virkjanamannvirkjum er haldið utan þjóðgarðs, eru kölluð jaðarsvæði þar sem sýna þarf aðgæslu svo þau spilli ekki sjálfum þjóðgarðinum. Austasti hluti hálendisins er ekki með þar sem ekki hefur verið úrskurðað um eignarhald á því svæði. Landvernd telur að það svæði eigi heima í Hálendisþjóðgarði framtíðarinnar.

Veljum bestu leiðina

Að mati Landverndar sýnir reynslan bæði hér á landi og víða erlendis að ekki býðst betri leið til að vernda hálendi Íslands, tryggja aðgengi almennings og stýra umgengni og nýtingu, en með stofnun þjóðgarðs. Reikna má með að ásókn í að nýta hálendið fari vaxandi. Það er því tímabært að stofna þjóðgarð.

Framlagt frumvarp um Hálendisþjóðgarð sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er málamiðlun og byggir á áralangri vinnu og samráði. Vissulega eru sjónarmið ólík og umtalsverð ágreiningsmál óleyst. Ytri mörk þjóðgarðsins eru líklega eitt þeirra álitamála sem þingmenn munu skoða vel. En reynslan af þjóðgörðum á Íslandi er að þeir hafa hægt og bítandi verið stækkaðir og reynt hefur verið að ná almennri sátt um hvert skref. Það er viðfangsefni Alþingis nú á vorþingi að leysa spurninguna um stærðina, sem og önnur álitamál um þjóðgarðinn. Vonandi tekst þingmönnum að leysa það viðfangsefni þannig að flestir geti við unað.

Meiri metnaður, fleiri tækifæri

Michael Nevin
sendiherra Bretlands á Íslandi

Bretland hefur náð að minnka losun sína um 42% miðað við árið 1990, á meðan efnahagur okkar óx um 73%.

Þetta er mikilvægt ár. Árið 2020 var það hlýjasta í skráðri sögu. Um leið og við komum út úr COVID-kreppunni verðum við að byggja upp betri og grænni lausnir til þess að takast á við langtíma áhrif loftslagsbreytinga. Ef við breytum ekki nálgun okkar munum við sjá frekari öfgar í veðri, súrnun sjávar mun hafa áhrif á sjávarlíf og minni líffræðilegur fjölbreytileiki verður til staðar.

Þessar breytingar hafa bein áhrif á Bretland og Ísland. Þær hafa fjárhagsleg áhrif á okkur, sem og á lífnaðarhætti okkar. Þess vegna ákvað Bretland í nýlegri endurskoðun á utanríkis-, öryggis- og þróunarsamvinnustefnu sinni að setja loftslagsmál efst á forgangslistann í alþjóðlegu tilliti. Það er ástæðan fyrir því að Bretland tilkynnti í apríl að við myndum ganga lengra og hraðar í að minnka loftslagsáhrif okkar – eða um 78% fyrir 2035 á leið okkar til kolefnishlutleysis. Við erum komin vel á veg, á annan í páskum, á hápunkti notkunar, komu 80% af þeirri orku sem Bretar notuðu frá kolefnishlutlausum orkugjöfum.

Loftslagsmál eru vandamál heimsins. Aðgerðir annarra hafa áhrif á okkur öll. Þess vegna höfum við heitið 11,6 milljörðum punda (rúmlega 2.000 milljörðum íslenskra króna) til þess að styðja við alþjóðlega fjármögnun loftslagsaðgerða og, sem önnur formennskuþjóða COP26 í Glasgow, hvetjum við aðrar þjóðir til þess að bregðast við með meiri hraða og metnaði.

Á leiðtogafundi um loftslagsmetnað sem Bretland hélt í desember 2020 hét Ísland því að draga enn frekar úr losun loftslagstegunda fyrir 2030. Ísland ætti að vera í forystu þeirra þjóða sem leiða heiminn í viðbrögðum við loftslagsbreytingum. Það hefur nú þegar forskot með aðgangi sínum að hreinni orku. Ísland þarf einnig að vernda ímynd sína sem grænt land. Með vaxandi áhuga heimsins á loftslagsmálum gæti Ísland skoðað enn frekar hvað það getur gert til þess að ná metnaðarfullum markmiðum fyrir 2030 – meira en sem einfaldlega hluti af markmiðum Evrópusambandsins um 55% samdrátt.

Það er hins vegar frábært að útlit er fyrir að Ísland geti náð kolefnishlutleysi miklu fyrr en aðrar þjóðir gegnum frumvarpið sem lagt var fyrir Alþingi nýlega, þar sem lagt er til að Ísland nái kolefnishlutleysi fyrir 2040 (flestar aðrar þjóðir eru að horfa á árið 2050). Ef frumvarpið er samþykkt yrði Ísland í fremstu röð þjóða hvað þetta varðar – sem styður mjög við græna ímynd landsins. Enn fremur myndi þetta styðja við þróun efnahagslífsins í nýja átt.

Markmið eru nauðsynleg og geta verið áskorun en á sama tíma bjóða þau upp á tækifæri. Þessi tækifæri leitumst við í auknum mæli við að vinna og nýta með Íslandi. Við lifum á tímum hraðra tæknibreytinga sem er blanda af grænu hagkerfi með nýrri tækni eins og gervigreind og 5G/6G. Með því að leita að umhverfisvænni og heilbrigðari leiðum til þess að lifa getum við jafnframt ýtt undir þróun nýrra starfa og stofnun nýrra fyrirtækja sem leysa vandamál framtíðarinnar um vinnu og samfélög sem eru að eldast.

Þetta er ekki draumsýn. Bretland hefur náð að minnka losun sína um 42% miðað við árið 1990, á meðan efnahagur okkar óx um 73%. Við ættum því ekki að sjá þetta sem byrði heldur spennandi nýja tíma til þess að þróa samfélag okkar og efnahag, samhliða því að minnka umhverfisáhrif okkar – okkur öllum til heilla.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 4. maí 2021

Útgáfa á leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ný plata frá Placebo

Hljómsveitin Placebo tilkynnti á Instagram á sunnudag að ný plata væri tilbúin og það væri stutt í útgáfu hennar.

Í tilkynningunni kom fram að platan heiti Album 8 og að hljómsveitin sé að leggja lokahönd á hana. Hún fylgir eftir plötunni Loud Like Love, sem kom út árið 2013. Tilkynningin kom aðdáendum sveitarinnar nokkuð á óvart en lykilmeðlimirnir Brian Molko og Stefan Olsdal skrifuðu undir hana. Til að auka enn á eftirvæntingu aðdáenda minntust þeir líka á að halda tónleika í nokkuð náinni framtíð.

Í tilkynningunni báðu Molko og Olsdal aðdáendur sveitarinnar um að segja sér hvers konar Placebo-varning þá langar mest í og nefndu margar mögulegar útfærslur á vörum og þjónustu sem gæti höfðað til aðdáenda.

Í tilkynningunni stendur líka að meðlimirnir heyri ákall aðdáenda um að fá nýja tónlist og tónleika og að þeir eigi ekki að örvænta, það sé stutt í útgáfuna og þeir séu uppteknir við að bóka tónleika. Í millitíðinni vilja þeir heyra hvað annað þeir geta gert fyrir aðdáendur sína.

oddurfreyr@frettabladid.is



TARAMAR vörurnar eru framleiddar í Sandgerði en þær byggja á íslensku hráefni sem safnað er um allt land, svo sem frá Móður Jörð á Egilsstöðum, Hæðarenda í Grímsnesi og Bláskel í Breiðafirði. TARAMAR hefur þróað sérstakar aðferðir til að hámarka gæði og virkni hráefnisins sem er nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Öflug íslensk hráefni notuð til að yngja og endurmóta húðina

Þegar dr. Guðrún Marteinsdóttir varð 55 ára og sá fyrstu hrukkurnar birtast á andliti sínu þá einsetti hún sér að leita fanga í íslenskri náttúru og finna öflug efni sem gætu unnið á móti öldrun húðarinnar. Afraksturinn er að finna í húðvörunum frá TARAMAR. 2

Íslensku húðvörurnar frá TARAMAR eru að fara sigurför um heiminn. Þær hafa fengið fjölda verðlauna í alþjóðlegum samkeppnum og meðal annars verið valdar sem „Best Organic Beauty Brand 2020“ hjá Global Makeup Awards og „Most Innovative Company of the Year 2021“ hjá Lux-life Health and Wellness Awards. Auk þess voru TARAMAR vörurnar valdar úr miklu fjölda umsókna til að koma fram í Galleríi Flying Solo á Manhattan í New York, en þessi nýtískulega búð setur til hliðar ákveðið rými til að kynna það sem þeim finnst nýtt og spennandi á markaðnum.

Vildarklúbbur TARAMAR hefur vaxið hratt bæði hér heima og erlendis og telur nú rúmlega 3.000 manns. Allir vildarvinir hafa aðgang að vörunum á góðu verði og fá inneign á viðskiptareikning í hvert skipti sem þeir versla á www.taramar.is eða www.taramarseeds.com ef viðkomandi er erlendis. Nýir vildarvinir fá alls 5.000 punkta (5.000 krónur) í inneign í fyrsta skipti sem þeir skrá sig í klúbbinn.

Stofnendur TARAMAR, Guðrún Marteinsdóttir og Kristberg Kristbergsson, prófessorar við Líf- og umhverfisvísindadeild og Matvæla- og næringafræðideild Háskóla Íslands, með starfsmönnum sínum: Sólrúnu Önnu Símonardóttur, Ragnhildi Einarsdóttur og Júlíu Stefánsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Húðvörur svo hreinar að það má borða þær

Nýsköpunin á bak við TARAMAR vörurnar á uppruna sinn í tveimur ólíkum sviðum innan Háskóla Íslands, en stofnendur TARAMAR, Guðrún Marteinsdóttir og Kristberg Kristbergsson, eru bæði prófessorar, annars vegar við í Líf- og umhverfisvísindadeild og hins vegar við Matvæla- og næringarfræðideild.

Guðrún segir að þar sem þau komu ekki úr lyfjageiranum, þar sem flestar húðvörur eru þróaðar, heldur úr fagsviðum matvæla- og sjávarlíffræði, þá hafi TARAMAR vörurnar orðið líkari matvælum heldur en venjulegum snyrtivörum, sem oft innihalda efni sem ekki má borða og jafnvel efni sem hafa slæm áhrif á húð og innra umhverfi líkamans.

„Það var vissulega eitt af markmiðum okkar að vörurnar okkar yrðu svo hreinar að það mætti tæknilega borða þær. Það hefur tekist og í dag innihalda þessar vörur ekkert sem er skaðlegt, hvorki fyrir mannfólkið né umhverfið,“ segir Guðrún.

„Þegar ég fór fyrst að skoða innihaldsefni í húðvörum þá má segja að ég hafi orðið fyrir smá sjokki. Það er eiginlega ótrúlegt hvaða efni má finna í þessum vörum, en fyrir utan að vera oft skaðleg þá eru þetta almennt ódýr efni sem maður er vanur að sjá í flísalími, málningu eða jafnvel í dekkjum undir bifreiðar,“ segir Guðrún. „Þetta eru efni sem eru framleidd í milljónum tonna og hægt að kaupa mjög ódýrt. Það gerir mann vissulega reiðan að sjá síðan þessi sömu efni komin í flottar og glitrandi krukkur og seld sem rándýr krem.“

Lífvirkar ferjur færa andoxunarefnin í dýpri lög húðarinnar

„Við gerðum okkur snemma grein fyrir því hvaða verðmæti voru fólgin í íslensku hráefnunum og einsettum okkur að þróa aðferðir sem hámörkuðu gæði og virkni þessara efna sem og leiðir til að vernda þau, allt frá uppskeru jurtanna og þangað til þær höfðu verið verkaðar í tilbúin extrökt sem eru blönduð saman við önnur efni í formúlunni,“ útskýrir Guðrún. „Til að ná þessu markmiði og búa til virkar formúlur sem höfðu afgerandi jákvæð áhrif á húð þá nýttum við meira en 25 ára reynslu Kristbergs við rannsóknir og gerð á lífvirkum ferjum til að pakka efnunum inn í litla bolta (liposome) sem voru gerðir úr sama efni og finnast í öllum frumuhimnum (fosfólípíð) en þessar ferjur vernda efnin og færa þau inn í dýpri lög húðarinnar.“

> Í dag innihalda þessar vörur ekkert sem er skaðlegt, hvorki fyrir mannfólkið né umhverfið.

Staðfest virkni frá óháðri franskri rannsóknastofu

„Ferjurnar gjörbreyta virkni formúlanna. Þannig nýtast eiginleikar þangsins og jurtanna sem best, en við höfum þróað gríðarlega öflug andoxunarefni sem og efni sem styrkja frumuhimnur, stuðla að heilbrigðum bruna innan í frumunum, draga úr þrota og stoppa niðurbrot á uppbyggingarvefjum húðarinnar, s.s. kollageni og elastín,“ segir Guðrún. „Í dag höfum við fengið þessa virkni staðfesta hjá óháðum erlendum rannsóknarstofum og höfum þannig staðfesta tölfræði yfir hvað vörurnar gera.

Prófanir á 32 konum í 28 daga í Frakklandi sýndu til dæmis að serumið eykur kollagen í húð um allt að 20% um leið og það byggir upp raka og dregur úr vökvamissi um 18%, jafnar húðina og gerir hrukkur og fínar línur minna áberandi. Í öllum tilfellum þá fer húðin að ljóma og fær á sig fallegri lit,“ segir Guðrún. „Reynsla okkar hefur einnig sýnt að fólk metur mikið hvað húðin verður þægileg og skemmtileg viðkomu. Húðin er stærsta líffærið okkar og það hefur því áhrif á alla líkamsstarfsemina sem og andlega líðan að hún sé í lagi og að okkur líði vel í henni.“

Dagkremið endurræsir húðina

„Dagkremið er fyrsta kremið í TARAMAR línunni sem ég þróaði,“ segir Guðrún. „Ég var orðin 55 ára gömul og ég upplifði að húðin var orðin föl og líflaus. Þegar ég fór að lesa mér til og skoða rannsóknir annarra þá komst ég að því að þetta er algengt og ástæðan liggur meðal annars í því að húðin er orðin stífluð, bæði vegna notkunar á kremum og snyrtivörum sem innihalda efni sem húðin á erfitt með að losa sig við, en einnig vegna hægari bruna og uppsöfnunar á úrgangsefnum úr líffræðilegum ferlum líkamans.

Íslensku húðvörurnar frá TARAMAR hafa hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga og voru meðal annars valdar úr fjölda snyrtivörumerkja til kynningar á nýsköpun hjá tískuhúsinu Flying Solo á Manhattan í New York.

Morgunfrú frá lífrænu býlunum Móður Jörð og Hæðarenda er undirstaða í dagkreminu og veitir því sérstaka eiginleika sem felast í styrkingu húðarinnar. MYND/AÐSEND

Mér fannst þetta mjög áhugavert og það fór í gang langt og mikið rannsóknaferli þar sem ég prófaði og mældi fjöldann allan af efnum og formúlum. Á þremur árum varð dagkremið til en í dag er ég einna stoltust af þessu kremi,“ segir Guðrún. „Það er byggt upp til að fá frumurnar til að vinna betur og losa út úrgangsefni. Það inniheldur efni úr þörungum, morgunfrú og hvönn sem styrkja frumurnar, gera húðina teygjanlegri og sterkari og viðhalda mildri hreinsun (sem margir verða ekki varir við) með þeim afleiðingum að húðin fer að ljóma og tekur á sig hraustlegt og fallegt útlit. Ég geng ekki lengur um eins og draugur, heldur er húðin mín falleg á litinn og mér líður bara frábærlega. Í raun stend ég mig oft að því að strjúka hana og fyllast vellíðan, sem er svo dásamlega skemmtilegt.“

Það má líka geta þess að dagkremið var að fá verðlaun í flokki „Best Moisturizing Cream“ í stórri alþjóðlegri samkeppni, the Global Makeup Awards UK 2021.

Dagana 3.-10. maí verður frábært tilboð í gangi í tilefni mæðradagsins (þrjár vörur: The Serum, Eye Treatment og ný vara Hydration Treatment) í flottum gjafapoka á www.taramar.is og hjá Hagkaupum í Garðabæ, Kringlunni, Skeifunni og Akureyri.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Bílablaðið

ÞRIÐJUDAGUR 4. maí 2021 FRÉTTABLAÐIÐ

Eclipse PHEV er arftaki hins vinsæla Outlander

Mitsubishi Outlander tengiltvinnbíllinn hefur verið einn vinsælasti bíll landsins undanfarin misseri en vegna áherslubreytinga hjá framleiðandanum er hann nú á förum. Ný kynslóð hans verður aðeins seld á Ameríkumarkaði en arftakinn fyrir Evrópumarkað er aðeins minni Eclipse Cross PHEV sem við fjöllum um hér í Bílablaðinu. 6

Nýtt merki Dacia frumsýnt á nýjum Bigster sem er nýtt flaggskip Dacia. 2

Subaru XV E-Boxer reynsluakstur. Tvinnbíll fyrir íslenskar aðstæður. 4

Ameríkuútgáfa Honda Civic kynnt með nýrri og fullkomnari innréttingu. 5

Dacia Bigster verður stærsti bíll merkisins þegar hann kemur á markað.

Dacia fær nýtt merki fyrir nýjar gerðir sínar

Dacia-bílamerkið hefur sótt um einkaleyfi á nýju vörumerki sem notað verður frá næsta ári þegar rafdrifnir bílar Dacia fara að koma á markað.

njall@frettabladid.is

Dacia gengur nú í gegnum endurskipulagningu eins og mörg önnur bílamerki, vegna tilkomu rafdrifinna ökutækja. Dacia hefur endurhannað merki bíla sinna og mun innleiða einföldun á hönnun og framleiðslu bíla í nýrri fimm ára áætlun. Renault-Nissan samsteypan mun setja Dacia og Lada merkin undir einn hatt þannig að bílar merkjanna munu verða þróaðir saman og nota mikið af sömu íhlutum. Mun það þó fara eftir markaðssvæðum hvaða merki er í boði og því ólíklegt að við sjáum Lada aftur á Íslandi.

Dacia frumsýndi nýlega tilraunaútgáfu af nýjum jepplingi af stærri gerðinni sem kallast Bigster og er fyrir ofan Duster í stærð. Bigster er einn af þremur nýjum bílum sem Dacia mun kynna fyrir 2025. Bigster er 4.600 mm að lengd og nokkuð kassalaga eins og aðrir Dacia-bílar. Að sögn Dacia á hann að keppa við bíla í verði sem eru í stærðarflokkinum fyrir neðan hann. Sjá má nýtt útlit með Y-laga framljósum ásamt endurhönnuðu grilli. Yfirbygging tilraunaútgáfunnar er úr endurunnu plasti en

Framendinn verður eins og afturendinn með nýjum Y-laga ljósum.

» Dacia og Lada munu fara undir sama hatt þannig að bílar merkjanna verða hannaðir og þróaðir saman.

bíllinn er byggður á CMF-B undirvagni Renault, og verður undirvagninn notaður fyrir alls ellefu bíla Dacia og Lada. Það þýðir að hann getur notað tvinnútfærslur

Nýtt merki Dacia er með ákveðnum línum í bókstöfum í stað skjaldarmerkis eins og áður.

eins og 1,6 lítra e-Tech vélina sem er í nýjum Clio. Bílar Dacia verða líkt og bílar Renault búnir Safety Drive sem þýðir að hámarkshraði þeirra verður bundinn við 180 km á klukkustund. Búnaðurinn safnar meðal annars upplýsingum gegnum skynjara í bílnum og bendir ökumanni á hættur í kring og kemur með ráðleggingar um öruggari akstur.

MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS
Deegan 38 All Terrain
Deegan 38 All Terrain – nett mynstrað heilsársdekk frá Mickey Thompson
5 stærðir á lager:
265/70R16 verð 40.800 kr.
265/70R17 verð 37.500 kr.
265/65R18 verð 44.800 kr.
285/70R17 verð 49.900 kr.
265/50R20 verð 39.900 kr.
Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is



Hálfleiðarar eru notaðar í tölvukubba og örgjafa sem bílaframleiðendur nota nú í mun meira mæli en áður í rafbílaframleiðslu sína.

Skortur á hálfleiðurum veldur talsverðum töfum á bílaframleiðslu

Bílaframleiðendur víða um heim hafa margir hverjir þurft að loka verksmiðjum tímabundið vegna skorts á hálfleiðurum í bíla sína. Samkvæmt frétt Reuters um málið er hluti vandamálsins aðgerðir Trump-stjórnarinnar gegn framleiðslu í Kína, en önnur lönd eins og Taívan hafa reynt að bregðast við vandanum. TSMC er einn stærsti framleiðandi hálfleiðara í heiminum, sem notaðir eru í tölvukubba og örflögur, og þar á bæ segjast menn vera tvo mánuði frá að ná að bregðast við eftirspurninni. Það mun þó ekki þýða að enginn skortur verði á tölvukubbum í sumar því að birgðalínan er löng og flókin. Venjulega tekur það allt að átta mánuði fyrir framleiðsluna að komast til kaupenda sinna. Er vandamálið farið að ná til fleiri framleiðsluaðila eins og framleiðenda raftækja.

Í samtali við þýskt dagblað sagði Herbert Diess, framkvæmdarstjóri Volkswagen samsteypunnar, að fyrirtækið ætli að hanna og þróa sína eigin tölvukubba fyrir sjálfkeyrandi ökutæki. Mun þá hugbúnaðurinn einnig verða þróaður af Volkswagen þó að framleiðsla þeirra gæti farið fram hjá aðilum

» Volkswagen-samsteypan áætlar að hanna og þróa sína eigin tölvukubba fyrir sjálfkeyrandi ökutæki. Mun þá hugbúnaðurinn einnig verða þróaður af Volkswagen þótt kubbarnir verði framleiddir annars staðar.

sem sérhæfa sig í slíkri framleiðslu. Er þessi áætlun Volkswagen komin til vegna samkeppni frá Tesla sem notast við sérhannaða tölvukubba sem aftur gefur þeim möguleika á að þróa breytingar hraðar en aðrir keppinautar. Einnig gæti hugsanleg samkeppni frá Apple spilað inn í þessar áætlanir. Daimler skrifaði nýlega undir samning við Nvidia-framleiðandann um þróun og smíði tölvukubba og hugbúnaðar fyrir Mercedes-Benz.

Mercedes-AMG One kostar litlar 342 milljónir króna.

Götuútgafa AMG One næst á mynd

Ofurbíllinn Mercedes-AMG One virðist vera á lokametrum prófana en nýlega náðust myndir af skráðum bíl við prófanir í Þýskalandi. Fjögur ár eru síðan Mercedes kynnti þennan 1.000 hestafla bíl, en tafir hafa verið á þróun hans þar sem erfitt hefur verið að laga formúluættaðan vélbúnaðinn að götuakstri. Vélin er 1,6 lítra V6 vél og tengjast vandamálin erfiðleikum við að láta smáagnasíur virka án þess að það komi niður á afli bílsins. Einnig gengur keppnisútgáfa vélarinnar hægaganginn á 5.000 snúningum á mínútu, en tæknimenn Mercedes-AMG þurftu að láta bílinn ganga fullkominn hægagang á 1.200 snúningum, sem var engin

» Gengið hefur á ýmsu við að aðlaga hinn formúluættaða vélbúnað mengunarkröfum Evrópusambandsins.

smá áskorun. Að sögn á bíllinn að ná 120 km hraða og fara í 200 km á aðeins sex sekúndum. Fyrstu eintök komast væntanlega í hendur kaupenda fyrir árslok en öll 275 eintökin sem smíðuð verða hafa þegar verið seld.

Garða- og tómstundakerrur frá:
155.900 kr.

VORBOÐINN LJÚFI ER MÆTTUR

FYRSTA SENDING ÁRSINS AF BRENDERUP KERRUM KOMIN

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnar að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.

Tækjakerrur frá:
1.359.900 kr.

Iðnaðarkerrur frá:
319.900 kr.

Bílanaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Subaru XV E-Boxer

KOSTIR
- Fjórhjóladrif
- Fjöðrun

GALLAR
- Farangursrými
- CVT skipting

Hestöfl: 145
Tog: 188 Nm
Eyðsla: 7,9 l/100 km
CO2: 180 g/100 km

L/B/H: 4.465/1.800/1.550 mm
Hjólhaf: 2.670 mm
Eigin þyngd: 1.550 kg
Farangursrými: 340 lítrar

Veghæð: 220 mm
Dráttargeta: 1.270 kg
Grunnverð: 6.490.000 kr.

Bílnum var reynsluekið um 1.000 km sem ætti að vera viðmið frekar en undantekning. MYNDIR/KRISTRÚN TRYGGVADÓTTIR

Subaru XV E-Boxer tvinnbíll fyrir íslenskar aðstæður

Nokkuð er síðan Subaru XV kom á markað í svokallaðri E-Boxer útgáfu. Á dögunum gafst þó gott tækifæri til reynsluaksturs á þeim bíl þegar skreppa þurfti til Akureyrar.

Fyrir þann sem einu sinni hefur átt Subaru eins og undirritaður verður alltaf taug til þessa merkis. Þótt tegundin vilji stundum gleymast í almennri umræðu er ljóst að hann hefur margt til brunns að bera og hentar vel íslenskum aðstæðum. Hann sameinar góða veghæð við Boxer-vél með lágan þyngdarpunkt og rúsínan í pylsuendanum er alvöru fjórhjóladrif. Hann hefur helst verið gagnrýndur fyrir eyðslu, sérstaklega nú þegar samkeppnin býður upp á bíla með sífellt minni vélum og stærri rafhlöðum. E-Boxer er hins vegar tilbúinn í þá samkeppni og er búinn litlum rafmótor ásamt 13,5 kWst rafhlöðu.

Liggur vel þrátt fyrir mjúka fjöðrun og hjálpar vel stillt fjórhjóladrif.

Vélin er 145 hestöfl og tveggja lítra en búin 12,3 kW rafmótor til aðstoðar.

Þægilegur á langkeyrslu
Reynsluakstur bílsins var í lengri kantinum, en farin var ferð til höfuðstaðar Norðurlands á honum. Sætin er í mýkri kantinum og því þægileg á langkeyrslunni. Þessi útgáfa er betur búin og með betra efnisvali en flestir aðrir Subaru bílar. Upplýsingaskjáir eru stórir og auðlæsilegir og það er gott að nota þá. Í raun og veru er hönnunin blátt áfram og fátt sem kemur á óvart eða eitthvað nýtt sem þarf að venjast. Pláss í framsætum er gott og þokkalegt í aftursætum líka. Hins vegar er farangursrými aðeins 340 lítrar sem er með því minnsta í þessum flokki.

Eyðsla í hærri kantinum
Í akstri virkar bíllinn eins og hver annar Subaru nema að hann tekur af stað á rafmagninu þegar rólega er gefið inn. Hann kveikir hins vegar strax á mótornum þegar gefið er snöggt inn svo að rafhlaðan og 12,3 kW rafmótorinn er meira eins og viðbót við bensínbílinn. Kerfið virkar svipað og í Toyota Prius en sá keyrir meira á rafhlöðunni en Subaru XV, þótt það sé alveg mögulegt undir 40 km á klst. Aflið fer í gegnum CVT-sjálfskiptingu til allra hjólanna og það er ekki laust við að það hvíni stundum í henni undir álagi. Hún líkir eftir gírskiptingum að einhverju leyti og hægt er að setja bílinn í valskiptistillingu kjósi maður svo. Í akstri virkar bíllinn vel á mann, og

> **Veghæð Subaru XV E-Boxer er 220 mm og hann er með sívirkt fjórhjóladrif ásamt góðri fjöðrun sem gerir hann hæfan í torfærum.**

þrátt fyrir að fjöðrunin sé í mýkri kantinum liggur hann vel. Eyðslan með tveggja lítra vélinni hefði getað verið betri á langkeyrslunni en hún var í kringum 7,2 lítrar samkvæmt útreikningi.

Kemst meira
Það sem aðgreinir Subaru frá öðrum jepplingum er að hann lítur ekki bara út fyrir að geta eitthvað í torfærum, hann hefur getu til að komast lengra en flestir. Til að byrja með er veghæðin með besta móti eða 220 mm. Fjórhjóladrifið er sívirkt og er duglegt að skila afli bílsins þangað sem að þess gerist mest þörf. Loks er svokölluð X-mode stilling til að nota í erfiðari aðstæðum, en þá notar bíllinn líka hemlakerfi bílsins til að aðstoða hann í miklum bratta. Rjóminn ofan á kökuna er svo fjöðrunin sem virkar best á grófari vegum.

Farangursrými er aðeins 340 lítrar sem minna er í Toyota CHR.

Samanburður erfiður
Grunnverð bílsins er 6.490.000 kr. í Premium-útgáfu sem þýðir upphituð sæti og stýri, bakkmyndavél, skynvæddur hraðastillir, akreinastýring og regnskynjari svo eitthvað sé nefnt. Samanburður við aðra jepplinga er dálítið erfiður þar sem hann situr á milli Toyota RAV4 og CHR í stærð svo dæmi sé tekið. Grunnverð CHR í tvinnútfærslu er 6.150.000 kr. svo að verðið á Subaru XV E-Boxer er svo sem ekkert til að kvarta yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

18. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 4. maí 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði.
862 1110

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali Lista og innanhús Stilisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Rakel Árnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

Holtsvegur 9
210 Garðabær
Falleg og vel skipulögð útsýnisíbúð
• 4ra herbergja
• 122 fm
• Gott stæði í bílageymslu
• Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla, alla helstu þjónustu og náttúruperlur til útivistar

Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Verð: 72,9 millj.

MIKLABORG
569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Íbúð á útsýnisstað

Híbýli fasteignasala s. 585-8800 kynnir: Glæsilega útsýnisíbúð á tveimur hæðum ásamt stæði í bílskýli í góðu lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri að Skúlagötu 40a.

Íbúðin sem er á tveimur hæðum er við Skúlagötu.

Eignin er skráð 207 fm en þar af er íbúðin sjálf 177,2 fm. Parket er á gólfi í forstofu sem er með fataskáp. Rúmgóð og björt setustofa, gegnheilt parket á gólfum. Opin borðstofa við stofu. Alrými/stofa á efri hæð með kókosteppi, aukin lofthæð, stór gluggi með glæsilegu útsýni yfir sundin, Viðey, innsiglinguna í Reykjavíkurhöfn, að Esjunni, Akranesi og austur yfir borgina. Vönduð innrétting í eldhúsi með miklu vinnu- og skápaplássi. Granít á borðum, borðkrókur og útgengi á svalir.

Rúmgott hjónaherbergi auk svefnherbergis. Parket á gólfum og góðir skápar. Gestasalerni er flísalag á veggjum en dúkur á gólfi.

Baðherbergi er með flísum á veggjum, dúkur á gólfi, sturtuklefi, hvít innrétting undir vaski og á vegg.

Sólstofa. Náttúruflísar á gólfi, hallandi loftgluggar, útgengt á stórar svalir sem snúa í norður með glæsilegu útsýni. Við sólstofuna er einnig góð geymsla undir súð, hillur á vegg.

Þvottahús er innan íbúðar með innréttingu, vegghillum og skolvaski.

Íbúðinni fylgir sérmerkt bílastæði í bílakjallara hússins sem væri hægt að loka með bílskúrshurð. Innst er búið að stúka af geymslu. Þvottaaðstaða fyrir bíla.

Þörungar að spilla fyrir

Strandveiðar hófust í gærmorgun á þessu vori. Meðal fyrstu manna á sjó var flugstjórinn Einar Dagbjartsson á Grindjánanum GK-169, bát sem hann á með bræðrum sínum.

Það eru einhverjir þörungar að spilla fyrir okkur, sjórinn er gruggugur og fiskeríið tregt. Það eru dálítil vonbrigði," segir Grindvíkingurinn og flugstjórinn Einar Dagbjartsson þegar ég hringi í hann um miðjan dag að kanna aflabrögð á fyrsta degi strandveiða. „Ég er bara kominn með rúm 300 kíló af þorski í dag en má taka 774."

Einar er á bræðrafleytunni Grindjánanum og kveðst hafa verið kominn á miðin á fallaskiptum tuttugu mínútum fyrir fimm. „Það kom bara ekki kvikindi til að byrja með. En maður verður að vera þolinmóður, þetta mjatlast og veðrið er æðislegt," segir hann. Getur þó ekki stillt sig um að rifja upp að í fyrra hafi hann einu sinni verið kominn inn klukkan átta um morguninn með skammtinn. „Þá var þvílíkt mok hér inni í Sandvík."

Móðurafi minn var útvegsbóndi í Grímsey og það er svakalega gaman að halda í þessa hefð.

Þótt Einar hafi komist á sjó í örfá skipti í vetur kveðst hann lengi hafa beðið þessa dags. „Móðurafi minn var útvegsbóndi í Grímsey og það er svakalega gaman að halda í þessa hefð. Ég ætla snemma í fyrramálið út á Selvogsbanka. Við verðum að berjast. Það verður alger blíða hjá okkur næstu daga, meðan norðanáttin varir. Nokkrir Sandgerðingar eru komnir á miðin hér og við Grindvíkingar eltum líka stundum veður og fiskerí til Sandgerðis og Þorlákshafnar."

Grindjáninn er Sómi 860. „Báturinn er öflugur, gengur 22 mílur þegar best lætur, og tekur þrjú tonn, hann er alveg fullkominn í strandveiðarnar," segir Einar og telur að þorskstofninn myndi ekki hrynja þó að krókaveiðidagar sumarsins væru fleiri en 48. „Heyrðu, það eru komnir tveir fiskar á eina rúlluna, ég verð að ná þeim!" **gun@frettabladid.is**

Hér er Einar (sá í rauðu buxunum) að koma úr róðri ásamt Jóni Magnússyni. MYND/AÐSEND

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elín María Kjartansdóttir

verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 7. maí kl. 14.00.
Athöfninni verður streymt á selfosskirkja.is. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir.
Þökkum innilega samúð og vinarhug.

Kjartan Óskarsson — **Hrefna Unnur Eggertsdóttir**
Elín Magnea Óskarsdóttir — **Jón Eyþór Eiríksson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Reynir Gunnar Hjálmtýsson

vélfræðingur,
Dvergholti 3, Mosfellsbæ,

lést 29. apríl.

Anna M. Charlesdóttir
Aron Reynisson — **Ragnheiður B. Sigurðardóttir**
Arna Reynisd. Goldsmith — **Bruce Goldsmith**
Steinar, Jódís, Skorri, Logi, Guðrún Heiða, Siggi Palli, Týr, Freyja og Gunnar

†

Okkar ástkæra

Guðrún Iðunn Jónsdóttir

lést á Landspítalanum í Fossvogi 30. apríl sl.
Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 5. apríl kl. 13.00. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur og fjölskylda viðstödd og gestir þeirra.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Rebekkustúkunnar I.O.O.F. – 0115 05 62100 / 440490 1079

Jón Hannesson
Hannes Jón Lárusson — **Elke Lárusson**
Gunnar Hrafn Sveinsson

†

Elskulegur sonur minn, faðir okkar, bróðir og mágur,

Guðni Thorarensen

Vesturbergi 10, Reykjavík,

lést að heimili sínu 25. apríl sl.
Útför fer fram frá Breiðholtskirkju fimmtudaginn 6. maí og hefst kl. 13.00.

Valdemar Thorarensen
Eiríkur Guðnason — **Kristján Guðnason**
Ingimar Guðnason — **Sigfús Guðnason**
Lára Thorarensen — **Þórarinn H. Hávarðsson**
Guðrún Thorarensen — **Ástþór Stefánsson**
Sveinn Thorarensen — **Hrönn Björgvinsdóttir**
Ásta Aðalsteinsdóttir



Beovision Eclipse 55” & 65”

Með bestu hljómgæðum sjónvarpstækja, fagurlega hannað, fellur að þínum lífstíl.

Beovision Harmony 65” 77” & 88”

Hannað með upplifun kvikmyndasýninga í huga, mögnuð upplifun í hljóði og mynd.

Beovision Contour 48”

Tímalaus & klassísk hönnun, stílhreint sjónvarp með Oled skjá, kraftmikið hljóðkerfi sem fyllir út í rýmið.

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 530 2800

ORMSSON.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Breytileg átt, 3-6 m/s í dag. Dregur úr éljagangi og léttir heldur til norðaustantil. Hiti frá frostmarki upp í 9 stig, mildast á Suðvesturlandi. Næturfrost víða um land.

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 3 ↘	5 °C | 5 →	3 °C | 3 ↙
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 3 ↓	5 °C | 3 →	-1 °C | 5 ↘

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 3 ↘	3 °C | 4 ←	3 °C | 2 ←
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 3 ↙	4 °C | 3 ↖	-1 °C | 5 ↘

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 3 ↓	1 °C | 4 ↙	1 °C | 2 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 5 ↘	4 °C | 3 ↖	-4 °C | 6 ↙

LÉTT

	4			9				7
5		8		1	7			9
6						8		
7	8		5				3	
3			4		2			
2								
			3		6	9	8	
			9	5				
	5	3		8	1	2	6	

MIÐLUNGS

1		5		2				
2					8		9	
6		8	1		3			
9				5	2	3	1	
	6			3				8
		2			1			
5	1		9	6				2
						4		1
		6			7			

ÞUNG

								1
			7	9				8
		5	3		6			
				5		3	1	9
	8				9	7		
		1	2		3		5	
	3			2			8	
9						4		
1		2	8					6

Krossgáta

LÁRÉTT
1 brýna
5 nögl
6 íþróttafélag
8 tengsla
10 rykögn
11 frostsár
12 kk nafn
13 niður
15 mótlæti
17 skófla

LÓÐRÉTT
1 ríki í ameríku
2 flaska
3 gláp
4 veiðir
7 harðindi
9 skima
12 borgun
14 framkoma
16 kvik



LÁRÉTT: 1 eggja, 5 kló, 6 fh, 8 vensla, 10 ar, 11 kal, 12 karl, 13 ofan, 15 raunir, 17 spaði.
LÓÐRÉTT: 1 ekvador, 2 gler, 3 gón, 4 aflar, 7 hallæri, 9 skanna, 12 kaup, 14 fas, 16 ið.

Skák

Gunnar Björnsson

Hannes Hlífar Stefánsson (2.532) missti af magnaðri leið til jafnteflis á móti Jóhanni Hjartarsyni (2.523) til jafnteflis.
Hannes lék **48. Hd5** en gafst upp eftir **48...d3!** Hann hefði getað varist með **48. Hxd4! e2+ 49. Bxe2 Hg1+ 50. Bf1! Hxf1+ 51. Kd2 Hd1+ 52. Ke3! Rd3 53. Hf4+! Rxf4 54. Kxf2 Rd3+ 55. Ke2.** Eins og skákþraut. Ákaflega skemmtilegt og spennandi mót.

www.skak.is: Þriðjudagsmót hjá TR.

Hvítur á leik

4	8	2	1	9	5	3	6	7
9	3	7	2	6	8	4	5	1
5	1	6	4	7	3	2	8	9
6	2	5	7	8	4	9	1	3
7	4	1	9	3	6	5	2	8
3	9	8	5	1	2	6	7	4
2	7	3	6	4	1	8	9	5
8	5	9	3	2	7	1	4	6
1	6	4	8	5	9	7	3	2

4	6	1	5	7	2	9	8	3
7	3	5	9	8	4	2	1	6
2	8	9	3	6	1	5	7	4
3	1	7	4	2	8	6	9	5
5	9	8	6	3	7	4	2	1
6	2	4	1	5	9	7	3	8
8	4	6	2	9	3	1	5	7
9	5	3	7	1	6	8	4	2
1	7	2	8	4	5	3	6	9

5	6	1	3	7	4	8	9	2
7	3	8	2	6	9	1	5	4
9	2	4	5	1	8	3	6	7
8	1	3	9	4	5	7	2	6
2	5	7	6	3	1	4	8	9
6	4	9	7	8	2	5	3	1
3	7	5	1	2	6	9	4	8
1	8	2	4	9	3	6	7	5
4	9	6	8	5	7	2	1	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HONDA

Nýr CR-V e:HEV

Tvinnbíll fyrir lengra komna

Pantaðu reynsluakstur á CR-V tvinnbílnum á Honda.is

Honda e:TECHNOLOGY

Nýr CR-V tvinnbíll. Viðbragðsgóður. Með akstursmýkt. Sparneytinn. Tvinnbíll fyrir lengra komna.

ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Umboðsmenn um land allt:
K.Steinarsson, Bílasala Austurlands, Bílver, Bílasala Selfoss, Bragginn, Höldur

Fylgdu okkur á Fagebook.
facebook.com/hondaisland

Nóbelsverðlaunahafinn Olga Tokarczuk. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nóbelsverðlaunahafi í íslenskri þýðingu

Miðstöð íslenskra bókmennta hefur tilkynnt um fyrri úthlutun ársins í styrki til þýðinga á íslensku. Að þessu sinni var 12,5 milljónum veitt í 36 styrki sem er sambærilegt við úthlutunina á sama tíma í fyrra. Þýtt verður úr ensku, frönsku, latínu, spænsku, katalónsku og þýsku.

Meðal verka sem hlutu þýðingastyrki í þessari úthlutun eru:

Les Liaisons dangereuses
eftir Pierre Choderlos de Laclos.
Þýðandi: Friðrik Rafnsson.

Prowadź swój pług przez kości umarłych
eftir Nóbelsverðlaunahafann Olgu Tokarczuk.
Þýðandi: Árni Óskarsson.

A Journal of the Plague Year
eftir Daniel Defoe.
Þýðandi: Aðalsteinn Eyþórsson.

Hyperion; oder, Der Eremit in Griechenland
eftir Friedrich Hölderlin.
Þýðandi: Arthúr Björgvin Bollason.

César Birotteau
eftir Honoré de Balzac.
Þýðandi: Sigurjón Björnsson.

Johann Sebastian Bach.

Barokktónleikar í Landakotskirkju

Einleikstónleikar verða í Landakotskirkju í kvöld, þriðjudagskvöldið 4. maí, kl. 20.00. Björg Brjánsdóttir flytur verk eftir C.P.E. Bach, Marain Marais og J.S. Bach: Partítu í a moll fyrir einleiksflautu.

Tónleikarnir eru hluti af verkefni Bjargar, Þverflautan þver og endilöng. Verkefnið inniheldur þrenna tónleika þar sem ólíkar hliðar þverflautunnar eru kynntar. Fyrstu tónleikarnir (sem verða í kvöld) einkennast af barokktónlist og leitast verður við að skapa náið andrúmsloft og tímaleysi. Næstu tónleikar kynna nýja tónlist; notast verður við rafhljóð og vídeóverk og tvö verk verða frumflutt. Búinn verður til hljóðheimur sem víkkar ímynd hlustandans á þverflautunni. Á þriðju tónleikunum verða svo fluttar sónötur frá 20. öld.

Sannkallað stuðprógramm í Salnum

Stórsöngvararnir Stuart Skelton og Kristinn Sigmundsson á tónleikum í Salnum ásamt Matthildi Önnu Gísladóttur píanóleikara. Efnisskráin einkennist af mikilli fjölbreytni.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sannkölluð stórsöngvaraveisla verður í Salnum Kópavogi föstudaginn 7. maí klukkan 20.00. Þar munu Stuart Skelton tenór og Kristinn Sigmundsson bassi flytja óperuaríur og dúetta eftir Mozart, Wagner, Verdi, Bellini, Puccini og Smetana, auk laga eftir Schumann, Wolf, Tosti og Leoncavallo. Með Stuart og Kristni verður Matthildur Anna Gísladóttir píanóleikari

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kristinn og Stuart syngja saman. „Við höfum þrisvar sungið saman erlendis, alltaf Wagner. Þar á meðal í Lohengrin í Los Angeles þar sem Stuart stal senunni," segir Kristinn.

Stuart er rómaður Wagner-túlkandi og Kristinn hefur líka mikið sungið í Wagner-óperum. Ekki eru allir sem kunna að meta tónlist Wagners. „Flestir þeirra sem kunna ekki að meta Wagner eru fordómafullir, þeir vita ekki hvað þeir eru að tala um," segir Kristinn ákveðinn. En er tónlist Wagners ekki stundum full hávær? spyr blaðamaður. „Stundum, en það sama má til dæmis segja um tónlist Berlioz. Tónlist Wagners er oft einstaklega falleg, eins og arían úr Lohengrin sem ég syng á tónleikunum," segir Stuart.

Matthildur Anna Gísladóttir verður við píanóið. „Það er mikið stuð og óskaplega gaman að vinna með Kristni og Stuart," segir hún. „Þeir búa yfir mikilli reynslu, eru gríðarlega fróðir og það er unun að hlusta á þá segja sögur úr bransanum."

Píanóið eins og hljómsveit

Óperuaríur og dúettar eru hluti af efnisskránni og Matthildur Anna er spurð hvort óperutónlist hljómi öðruvísi þegar stuðst er við píanó og hljómsveit er víðs fjarri. „Það er alveg hægt að koma hljómsveitinni að í gegnum píanóið," segir hún.

Matthildur Anna Gísladóttir, Stuart Skelton og Kristinn Sigmundsson halda tónleika í Salnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **VIÐ SÖNGVARARNIR ERUM ALLTAF AÐ SEGJA SÖGUR OG Í RAUNINNI ERUM VIÐ AÐ ÚTHELLA TILFINNINGUM OKKAR Í GEGNUM SÖNGINN.**
>
> Kristinn Sigmundsson

Stuart bætir við: „Matthildur Anna er svo frábær og fær að þegar hún spilar óperutónlist þá finnst manni eins og píanóið sé ekki bara þarna heldur hljómsveitin líka."

„Maður heyrir yfirleitt þegar píanistar spila óperutónlist hvort þeir hafi hlustað á hana með hljómsveit. Það hefur Matthildur Anna sannarlega gert," segir Kristinn.

Alltaf að segja sögur

Í söng sínum eru Kristinn og Stuart miklir túlkendur. „Túlkunin er gríðarlega mikið atriði," segir Kristinn. „Ef maður syngur bara nóturnar og kemur frá sér hljóðum án túlkunar þá finna áheyrendur það og þeim fer að leiðast. Við söngvararnir erum alltaf að segja sögur og í rauninni erum við að úthella tilfinningum okkar í gegnum sönginn."

„Það sem skiptir líka máli í sambandi við þetta er að tónskáldin sömdu tónlist sína við texta annarra, nema Wagner sem samdi eigin texta. Tónskáldið beið eftir að fá textann og þegar hann var kominn þá var tónlistin samin og tilfinningar túlkaðar í gegnum hana," segir Stuart. „Strauss er undantekning frá þessu en hann samdi tónlist við léleg ljóð og sagði að góðu ljóðskáldin þyrftu ekki á aðstoð hans að halda."

„Schubert og Schumann sömdu einungis tónlist við ljóð sem þeir hrifust af og töluðu til þeirra, það var þáttur í mikilli velgengni þeirra beggja," segir Kristinn.

Öll þrjú segjast þau hlakka mikið til tónleikanna. „Þetta er skemmtilegt og fjölbreytt prógramm. Sannkallað stuðprógramm," segir Matthildur Anna.

Hinn ástralski Stuart Skelton þykir nú um stundir vera einn besti tenórsöngvari heims. Meðfram söngnum starfar hann sem kennari í Listaháskóla Íslands. „Ég á dásamlega konu sem er fiðluleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þegar kennarastarf losnaði við Listaháskólann stökk ég inn í það. Mér finnst alveg frábært að vera hér á Íslandi," segir hann.

Himnesk fegurð orgelsins

GEISLADISKUR

Organflóra 2

★★★★★

Haukur Guðlaugsson

Útgefandi: Haukur Guðlaugsson

Ég sá einu sinni myndband á YouTube af tónleikum þar sem orgelleikari í hljómsveit rekur sig í tónflutningstakka. Fyrir bragðið er leikur hans í allt annarri tóntegund en restin af hljómsveitinni. Útkoman er skelfileg, en um leið óborganlega fyndin.

Ekki alveg eins skondin var uppákoma í brúðkaupi í íslenskri kirkju fyrir allmörgum árum síðan. Þegar búið var að gefa brúðhjónin saman og allir bjuggust við sigri hrósandi brúkaupsmarsinum eftir Mendelssohn, heyrðust ógurleg óhljóð frá orgelinu. Orgelleikarinn hafði hnigið niður á hljómborðin, með tilheyrandi hávaða. Svo skall hann á gólfið og kirkjugestir sáu andlit hans afmyndað við rimlana á svölunum fyrir ofan. Hann hafði fengið hjartaáfall.

Annað er uppi á teningnum á nýútkomnum tvöföldum geisladiski með Hauki Guðlaugssyni organleikara. Þar er allt eins og það á að vera. Hver einasti tónn er á sínum stað, og innra samræmi og yfirvegun ríkir í hvívetna. Samt er geisladiskurinn ekki leiðinlegur, síður en svo.

Mætti heyrast víðar

Orgelið er drottning hljóðfæranna, með öllum sínum voldugu röddum og möguleikum. Engu að síður er það svo að þorri manna heyrir aldrei orgelleik nema við hátíðlegar athafnir á borð við brúðkaup, sem eru ekki á hverju ári. Þetta er synd, því til eru óteljandi tónsmíðar fyrir orgel.

Kannski að geisladiskurinn bæti aðeins úr þessu. Hann er einkar vandaður, og orgelleikurinn er magnaður. Haukur fagnar níræðu um þessar mundir og útgáfan inniheldur upptökur frá ýmsum tímabilum og frá fjölmörgum kirkjum. Þarna er að finna dásamlega tónlist eftir Bach og Buxtehude, Mozart, Franck, Reger og marga aðra erlenda meistara. Einnig er tónlist eftir Karl Ó. Runólfsson og Pál Ísólfsson.

Fegurðin ber vitni

Haukur leikur allt af aðdáunarverðri fagmennsku. Spilamennskan einkennist af næmri tilfinningu fyrir inntaki tónverkanna, fyrir innblæstrinum sem þar liggur að baki. Takturinn í hverri tónsmíð er hárnákvæmur, túlkunin er ávallt tignarleg. Maður dáist að fegurðinni í tónlistinni, og hún ber hæfileikum organistans fagurt vitni.

Staðreyndin er sú að þegar flytjandinn vekur meiri aðdáun en tónlistin sem hann leikur, þá er eitthvað að. Egó flytjandans er orðinn þrándur í götu hins óumræðilega sem liggur að baki ódauðlegra tónverka. Þannig er því ekki farið hér. Þvert á móti er leikur Hauks farvegur fyrir það sem er æðra skilningi manns, og þannig á það einmitt að vera. Þetta gerist bara svo sjaldan. Af þessum ástæðum er geisladiskurinn mikill og sjaldheyrður fjársjóður. **Jónas Sen**

Geisladiskur sem er fjársjóður.

NIÐURSTAÐA: Afskaplega fallegur flutningur á himneskri tónlist.

KRINGLUKAST 5.-10. MAÍ
20-25% AFSLÁTTUR

FUSION
MADE IN EUROPE AT THE FUSION FACTORY

20% AFSLÁTTUR

Frábærar hlaupabuxur og jakkar.

20% AFSLÁTTUR

feetures

Svona eiga sokkar að vera.
Ekkert nudd, góður stuðningur.
Henta mjög vel í hlaup og göngur.

MAGNAÐIR FJAÐRANDI SKÓR FRÁ BROOKS

Ný nítrogen efnablanda í miðsóla gerir hlaupaupplifunina einstaklega skemmtilega.

25% AFSLÁTTUR

HYPERION ELITE 2
Keppnisskór með Carbonfiberplötu

25% AFSLÁTTUR

HYPERION TEMPO
Léttir æfinga og keppnisskór

BROOKS

25% AFSLÁTTUR

CATAMOUNT
Léttir og sprækir utanvegaskór

25% AFSLÁTTUR

LEVITATE 4
Ýtir þér áfram, góður í ræktina

25% AFSLÁTTUR

BEDLAM 3
Stöðugur og þægilegur

FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Kringlan 3. hæð - Höfðabakki 3 - Faeturtoga.is - Sími 55 77 100

BETRI SVEFN BETRA LÍF

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni.

Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

Betra BAK

BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!



DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 Lífið er lag Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
20.00 433.is 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
21.30 Lífið er lag (e) Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.

RÚV SJÓNVARP

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Af fingrum fram Þorvaldur Bjarni
12.15 Andri á flandri í túristalandi
12.50 Jón Gnarr - Ég var einu sinni nörd
14.15 Mósaík 2000-2001
14.55 Menning í mótun
15.50 Fullkomin pláneta
16.50 Táknmálsfréttir
17.00 Skólahreysti
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Rosalegar risaeðlur
18.29 Hönnunarstirnin
18.46 Bílskúrsbras
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Skólahreysti Bein útsending frá undankeppni í Skólahreysti. Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
21.00 Hnappheldan Gift Þorir þú að ræða allt við maka þinn? Í þessum norsku þáttum spyrja hugrökk pör hvort annað óvæntra spurninga.
21.25 Gösta
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Gátan ráðin í San Francisco Bletchley Circle. San Francisco
23.05 Stóra planið Íslensk grágletttin gamanmynd. Líf handrukkarans og ljóðskáldsins Davíðs breytist þegar hann kynnist Haraldi Haraldssyni sem er, að því er virðist, einmana grunnskólakennari.
00.30 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

10.00 European Tour 2021 Útsending frá Tenerife Open.
15.00 European Tour 2021 Útsending frá Tenerife Open.
19.30 European Tour 2021 - Highlights
19.55 European Tour 2021 Útsending frá Tenerife Open.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 George Clarke's National Trust Unlocked
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Zoey's Extraordinary Playlist
21.00 FBI
21.50 We Hunt Together
22.35 Pose
23.35 The Late Late Show
00.20 Love Island
01.15 Ray Donovan
02.05 Chicago Med
02.50 Station 19 Dramatísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og konur í Seattle.
03.35 Queen of the South
04.20 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið Daði Freyr og Árný Fjóla
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Eyrbyggja saga (24 af 26)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.25 The Big Sick
12.20 Grand-Daddy Day Care
13.55 The Trip to Spain
15.40 The Big Sick
17.40 Grand-Daddy Day Care
19.10 The Trip to Spain
21.00 Colette
22.45 A Vigilante Hörkuspennandi mynd frá 2018 með Oliviu Wilde í aðalhlutverkum.
00.15 Stuber Spennu- og gamanmynd frá 2019. Stu er sérlega kurteis, hæglátur og vandvirkur maður sem er einkar umhugað um að halda í fimm stjörnu-einkunnina sem hann hefur aflað sér sem Uber-leigubílstjóri.
01.45 Colette

STÖÐ 2

08.20 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
10.05 Logi í beinni
10.50 Your Home Made Perfect
11.50 NCIS
13.00 Friends
13.20 Grey's Anatomy
14.10 First Dates
15.00 Ísskápastríð
15.30 Sendiráð Íslands
15.50 Falleg íslensk heimili
16.25 BBQ kóngurinn
16.45 Who Wants to Be a Millionaire
17.35 Bold and the Beautiful
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Last Man Standing
19.30 Mom
20.00 Manifest Þriðja þáttaröð þessara dularfullu spennuþátta. Farþegarnir halda áfram að reyna að komast að því hvað kom fyrir þau í flugi 828. Hvert fór flugvélin í þessi 5 ár? Af hverju heyra þau og sjá hluti sem erfitt er að útskýra? Og afhverju er þessi tenging á milli þeirra?
20.45 S.W.A.T.
21.30 Last Week Tonight
22.00 The Wire
22.35 A Teacher
23.05 I'm Not Your Negro
00.35 LA's Finest Hörkuspennandi þættir með gamansömu ívafi sem runnir eru undan rifjum Bad Boys myndanna. Hér er kynjahlutverkum snúið við og fara þær Jessica Alba og Gabrielle Union á kostum sem lögreglukonur í Los Angeles.
01.20 Veronica Mars
02.10 The O.C.
02.50 NCIS

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 The Office
21.10 The Bold Type
21.50 Castle Rock
22.35 My Dad Wrote a Porno
23.35 Our Girl
00.30 Friends
00.55 Friends
01.15 The Office

STÖÐ 2 SPORT

08.55 Dominos Körfuboltakvöld
10.05 Bestir í boltanum. Brooklyn
11.05 Valur - Fram Útsending frá leik í Olís-deild karla.
12.25 FH - Stjarnan
13.45 Njarðvík - Keflavík 1999
14.20 Stjarnan - Leiknir R. Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
16.05 KR - Grindavík Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
17.50 Haukar - Afturelding Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
19.25 Selfoss - Valur Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
21.05 Emil Hallfreðsson
21.45 Seinni bylgjan - karla
23.15 Dominos Körfuboltakvöld

STÖÐ 2 SPORT 2

09.15 Sampdoria - Roma
10.55 Crotone - Inter Milan
12.35 Real Madrid - Osasuna
14.15 Torino - Parma
15.55 Spænsku mörkin
16.45 Sevilla - Athletic Bilbao
18.30 Meistaradeildin - upphitun
18.50 Manchester City - PSG Bein útsending frá undanúrslitaleik í Meistaradeild Evrópu.
21.00 Meistaradeildarmörkin

vfs.is

Milwaukee

3.-9. MAÍ

RAUÐIR DAGAR

SJÓÐHEIT TILBOÐ

ALVÖRU VERKFÆRI

PACKOUT
40CM TOTE & COMPACTSETT

16.900 kr.
Fullt verð 20.990 kr.

M12 FUEL
1/4" SKRALL
Hámarkshersla 54Nm
1/4" TOPPA- OG BITASETT
+ 2.0Ah rafhlaða
+ Hleðslutæki

49.900 kr.
Fullt verð 59.900 kr.

M12 FUEL
POWER PACK:
SKRÚFVÉL
Með patrónu, vinkildrifi og innréttingahaus
FJÖLNOTA HJÓLSÖG
20.000 RPM
+ 3 blöð og rykhlíf
+ 4.0Ah og 2Ah rafhlöður
+ Hleðslutæki
+ HD taska

64.900 kr.
Fullt verð 91.900 kr.

M12 FUEL
POWER PACK:
BORVÉL
44Nm, POWERSTATE™
HNOÐBYSSA
Allt að 4,8mm hnoð
+ 4.0Ah og 2Ah rafhlöður
+ Hleðslutæki
+ HD taska

67.900 kr.
Fullt verð 104.900 kr.

M12 FUEL
HERSLULYKILL
1/2" drif allt að 339Nm
FJÖLNOTA HJÓLSÖG
20.000 RPM
+ 3 blöð og rykhlíf
+ 2stk.4,0Ah, 1 stk 2,0Ah
+ Hleðslutæki
+ HD taska

74.900 kr.
Fullt verð 104.900 kr.

M18 FUEL
POWER PACK:
HÖGGSKRÚFVÉL
226Nm, 4 átaksstillingar
HÖFUÐLJÓS
475lm, TRUEVIEW™
+ 2 stk. 5.0Ah rafhlöður
+ USB Redlithium rafhlaða
+ Hraðhleðslutæki
+ HD taska

79.900 kr.
Fullt verð 94.900 kr.

M18 FUEL
POWER PACK:
HERSLULYKILL
300Nm, 1/2"
4 stillingar, REDLINK™
+ 3 stk. 5.0Ah rafhlöður
+ Hraðhleðslutæki
+ HD taska

79.900 kr.
Fullt verð 109.900 kr.

M18 FUEL
POWER PACK:
HÖGGBORVÉL
Sú öflugasta, 135Nm
HÖFUÐLJÓS
475lm, TRUEVIEW™
+ 2 stk. 5.0Ah rafhlöður
+ USB Redlithium rafhlaða
+ Hraðhleðslutæki
+ HD taska

79.900 kr.
Fullt verð 94.900 kr.

M18 FUEL
POWER PACK:
HÖGGBORVÉL
Sú öflugasta, 135Nm
HÖGGSKRÚFVÉL
226Nm, 4 átaksstillingar
HÖFUÐLJÓS
475lm, TRUEVIEW™
+ 2 stk. 5.0Ah rafhlöður
+ USB Redlithium rafhlaða
+ Hraðhleðslutæki
+ HD taska

99.900 kr.
Fullt verð 119.900 kr.

KAUPTU MEIRA & FÁÐU MEIRA*

Kauptu 1 M12 Milwaukee verkfæri og fáðu:

32 bita sett frá Milwaukee

Kauptu 2 M12 Milwaukee verkfæri og fáðu:

1.5Ah M12 rafhlöðu

Kauptu 3 M12 Milwaukee verkfæri og fáðu:

4.0Ah M12 rafhlöðu

Kauptu 1 M18 Milwaukee verkfæri og fáðu:

32 bita sett frá Milwaukee

Kauptu 2 M18 Milwaukee verkfæri og fáðu:

4.0Ah M18 rafhlöðu

Kauptu 3 M18 Milwaukee verkfæri og fáðu:

9.0Ah M18 rafhlöðu

* Kaupaukar á meðan birgðir endast

Kauptu Milwaukee aukahluti fyrir 14.900 kr. og fáðu:

Milwaukee tösku

VERKFÆRA SALAN

Kauptu Milwaukee fyrir 490.000 kr. og fáðu:

Milwaukee kaffisett

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

Öndunargríma Svarthöfða er líklega öflugur veirudreifari

Marteinn Ibsen, Svarthöfðinn í Íslandsdeild Star Wars-nördahersins, telur öruggast að fagna alþjóðlega Stjörnustríðsdeginum í örygginu heima enda eru búningur og gríma hans og hins dáða illmennis ekki alveg jafn öruggar sóttvarnir og ætla má í fljótu bragði.

Það náttúrlega má ekki neitt. Við vorum með rosaplan og ætluðum að vera í Bókasafninu í Hafnarfirði með kynningu og læti," segir Marteinn Ibsen úr 501. herdeildinni sem ætlaði að bregða á leik á sérstökum vísindaskáldskapardegi í Hafnarfirði.

„Það verður ekkert úr því, þetta verður fært fram í sumarið. Ég held þetta sé í þriðja skipti sem við erum að fresta þessu með Bókasafninu í Hafnarfirði.

Þetta átti að vera á síðasta ári náttúrlega og síðan aftur snemma á þessu ári þegar allt var að detta niður. Eiginlega allt smitlaust og voða gaman." Þá gekk enn ein COVID-bylgjan yfir og uppákoman var sett á ís. „Síðan var allt að detta niður núna en það er ekki búið að rýmka nóg," segir Marteinn um nýju vonina sem kemur og fer jafnóðum.

Góðu vondu gæjarnir

The 501st Legion eru alþjóðleg samtök Star Wars-nörda sem spóka sig í nákvæmum eftirlíkingum af búningum illmennanna í myndunum, gleðja börn og láta gott af sér leiða meðal annars með fjáröflun og heimsóknum á barnaspítala.

„Það hefur bara ekkert mátt og þessi góðgerðarstarfsemi er bara búin að liggja alveg niðri. Ekkert verið farið í neina fjáröflun eða neitt. Þannig að þetta er búið að vera sorglegt ástand."

Marteinn segir May the Fourth-daginn hafa fest sig í sessi hjá þeim rétt eins og öðrum Stjörnustríðsaðdáendum. „Við höfum alltaf gert eitthvað," segir Marteinn og rifjar upp að hópurinn marseraði niður Laugaveginn 2018 og tók Mathöllina við Hlemm herskildi í leiðinni.

Aftur á byrjunarreit

„Við reyndum einhvern tímann að hittast á vefnum og eitthvað að spjalla þar en það er bara ekkert það sama og að hittast í búningunum og hafa gaman og gleðja aðra. Þetta snýst svolítið mikið um það. Að gleðja aðra," segir Marteinn sem stundum er einnig þekktur í sínum hópi sem Svarthöfði.

„Ætli ég fari ekki í einhvern búning og horfi á Star Wars," segir Marteinn um hlæjandi um einu fyrirsjáanlega neyðarlendinguna sem verði að duga til hátíðarbrigða í bili. „Þangað til þessu er lokið – þá verður mikil hátíð held ég," segir Marteinn og hlær.

Aðspurður segist hann síðan gera ráð fyrir að rúlla bara í gegnum upprunalega þríleikinn. Kafla IV, V og VI. Og þá að sjálfsögðu upprunalegu og óbreyttu útgáfurnar en ekki hinnar seinni tíma „special editions". Eðlilega, þar sem hann er fæddur 1977, á Star Wars-árinu þegar fyrsta myndin kom út og breytti heiminum.

Smitskúrkurinn illi

Þegar búningar eru annars vegar hefur hann úr ýmsu að velja þótt

Þungur búningur? Þessi búningur á að vera þungur og með innbyggða loftræstingu getur Marteinn þraukað lengur en 15 mínútur. MYNDIR/AÐSENDAR

Föndrið við búningana er hluti af ánægjunni auk þess sem það sparar stórfé.

krúnudjásnið í safninu sé vitaskuld forláta búningur Darth Vader, sjálfs Svarthöfða. Með hinni voldugu öndunargrímu og öllu tilheyrandi.

Búningur Sith-lávarðarins ógurlega er, eins og flestum er kunnugt, mun meira en aðeins ógnvekjandi herklæði þar sem hann er illmenninu einnig lífsnauðsynleg öndunarvél með tilheyrandi öndunargrímu sem er svo voldug að ætla mætti að öflugri verði sóttvarnagrímurnar varla.

Marteinn tekur undir að vissulega geti hjálmurinn virkað sem veiruvörn fyrir þann sem ber hann en illu heilli virkar hann þannig að viðkomandi gæti orðið skæður ofursmitberi.

„Maður er náttúrlega með loftkælingu. Viftu inni í búningnum og þá náttúrlega streymir loftið úr honum þannig að ef maður væri sjálfur með COVID þá myndi maður örugglega blása þessu út frá sér," segir Marteinn, hlær og bætir við að þannig gæti maður orðið hinn fullkomni skúrkur.

„Þessir grímubúningar eru náttúrlega þannig að maður myndi halda að þetta væru fínustu sóttvarnagræjur en það er sko ekkert auðvelt að vera í þessu í langan í tíma. Fólk er að kvarta yfir að vera með þessar tuskugrímur á sér en maður er bara alveg líkamlega búinn eftir að hafa verið í þessu í kannski tvo tíma.

Ef maður væri ekki með loftkælingu í þessu þá væri maður

Marteinn Ibsen er sex barna faðir og fjögurra barna afi og veit því vel að fátt brúar kynslóðabilið betur en Stjörnustríð.

bara búinn eftir kortér. Maður býr það til bara sjálfur. Það er hægt að kaupa svona kerfi eða bara föndra það sjálfur," segir Marteinn og bætir við að föndrið og nostrið við búningana sé einmitt stór hluti af ánægjunni.

Dýr yrði Svarthöfði allur

Marteinn eignaðist fyrst hina svokölluðu stormtroopera en búningasafnið hefur síðan undið upp á sig.

„Stormtrooperinn var fyrsti búningurinn minn og ég á hann ennþá," segir Marteinn um búning óbreyttra hermanna keisaraveldisins illa. „Svo er ég búinn að vera að byggja Scout Trooperinn úr Return of the Jedi og svo er ég búinn að vera heillengi að setja saman Boba Fett-búning. Sem sagt The Empire Strikes Back-útgáfuna en það eru náttúrlega mismunandi útgáfur eftir því í hvaða mynd hann er. Mismunandi litir á brynjunni og eitthvað þannig. Það er gaman að því."

Þá vinnur hann einnig að búningnum sem Lilja prinsessa dulbjóst í Return of the Jedi þegar hún þóttist vera mannaveiðarinn Boushh. „Það gerir þetta miklu skemmtilegra," segir hann um ánægjuna sem fylgir því að makinn taki þátt í nördismanum.

„Svo er ég búinn að vera að reyna að föndra Ewok-búning fyrir yngstu dótturina. Það gengur ágætlega. Það er alveg hægt að kaupa heilu búningana en það er rosalega dýrt ef þú ef kaupir tilbúinn búning og þess vegna reynir maður að gera þetta mest sjálfur til þess að halda kostnaðinum niðri."

Marteinn bendir þannig á að tilbúinn Svarthöfðabúningur kosti ekki undir 800.000 krónum. „Í stað þess að eyða slíkum upphæðum í tilbúinn búning þá nær maður kostnaðinum niður um 70% með því að gera mest allt sjálfur þannig að maður reynir alltaf að skera kostnaðinn niður með smá föndri sem gengur mest út á að sparsla, líma og pússa og svona. Maður gerir þetta bara sjálfur og eitthvað af saumaskap."

toti@frettabladid.is

Megi 4. maí vera með þér

Fjórði maí hefur fest sig í sessi sem alþjóðlegur hátíðisdagur Star Wars-aðdáenda um allan heim og í raun dæmigert fyrir samstöðu og samtakamátt Stjörnustríðs-nördanna að þessi hátíðisdagur er sjálfsprottinn og runninn undan rifjum þeirra sjálfra sem hafa vitaskuld aldrei verið öflugri og jafn samstíga eftir að internetið rústaði öllum landamærum og tengdi fjöldann saman.

Lucasfilm, sem á vörumerkið Star Wars, kom þarna hvergi nærri þótt fyrirtækið hafi, eðlilega, lagt blessun sína yfir daginn og gefið dagsetningunni enn meira vægi í Stjörnustríðsheiminum.

4. maí varð að sérstökum Star Wars-degi með vísan til þess að á ensku er dagsetningin bergmál af einni þekktustu setningu Stjörnustríðsmyndanna, „May the Force be with you," sem hefur verið snúið upp í „May the Fourth be with you," eða „Megi Mátturinn vera með þér," á okkar ástkæra, ylhýra.

Fyrstu skipulögðu Stjörnustríðsdags-hátíðarhöldin fóru fram 2011 í Toronto í Kanada með alls konar uppákomum, búningakeppni og fleiru. Leikurinn var síðan endurtekinn ári síðar og í kjölfarið varð May the Fourth að heimsviðburði.

Kveðjan „May the Fourth be with you" á sér þó mun lengri sögu og kom fyrst fyrir í The London Evening News þann 4. maí 1979 þegar Margaret Thatcher tók fyrst við embætti forsætisráðherra Bretlands. Þá var um að ræða kveðju frá félögum hennar í Íhaldsflokknum sem fögnuðu í auglýsingu með þessum orðum: „May the Fourth Be with You, Maggie. Congratulations."

Boris Johnson notaði aftur á móti upprunalega frasann í sigurræðu sinni 2012 sem hann lauk með orðunum: „May the force be with you."

Disney-samsteypan keypti Lucasfilm af skapara Stjörnustríðsheimsins, George Lucas, síðla árs 2012 og frá 2013 hefur fyrirtækið tekið þátt í gleðinni með alls konar uppákomum og hátíðarhöldum í Disneylandi og Walt Disney World. Þótt eðli málsins samkvæmt verði eitthvað minna um slíkt að þessu sinni þótt deginum sé vissulega gert hátt undir höfði á streymisveitunni Disney+.

Þar fyrir utan hefur fögnuðurinn, eðlilega kannski, teygt sig út fyrir gufuhvolfið og þannig upplýstu geimfarar í Alþjóðlegu geimstöðinni á Twitter 2015 undir myllumerkinu #Matthe4BeWithYou að þeir hefðu horft á myndina.

Gleðin, ef svo má að orði komast, heldur síðan áfram á morgun þegar dagur og hefnd illmennanna rís undir gunnfánanum Revenge of the Fifth með rími við Sith, riddarareglu hins illa sem heldur sig á skuggahlið Máttarins sem kjarnar kveðju hinna góðu Jedi-riddara í dag.

H1 rafmagnsborð

35% afsláttur

verð nú frá
57.900 kr.

- 3 Minnisstillingar
- Skjár sem sýnir hæðina í cm
- Hægt að stilla inn neðstu og hæstu hæð
- Barnalæsing
- Stillanleg árekstrarvörn

100 cm borð
LISTAVERÐ: **89.500 kr.**
VERÐI NÚ:
57.900 kr.

120 cm borð
LISTAVERÐ: **93.500 kr.**
VERÐI NÚ:
59.900 kr.

140 cm borð
LISTAVERÐ: **97.500 kr.**
VERÐI NÚ:
62.900 kr.

160 cm borð
LISTAVERÐ: **100.500 kr.**
VERÐI NÚ:
64.900 kr.

Fætur til á lager
í svörtu, hvítu og gráu.
Plötur til á lager
í svörtu, hvítu, eik og beyki.

30% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM BJARG STÓLUM

Bjarg HB+
VERÐ NÚ
118.900 kr.
LISTAVERÐ
169.900 kr.

Bjarg MB
VERÐ NÚ
64.900 kr.
LISTAVERÐ
94.900 kr.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is

RAMMASAMNINGUR VIÐ RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Lager opinn
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

Síðumúla 37
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

VIKUTILBOÐ
29. apríl til 5. maí

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN

VIKU
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

LICATA
tungusófi

Glæsilegur tungusófi í Licata línunni. Fæst hægri eða vinstri (tunga ófæranlegt). Koníakslitt Kentucky áklæði á mynd en fleiri áklæðisgerðir og litir fáanlegir. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm. **Fullt verð: 244.900 kr.**

Aðeins 195.920 kr.

KOLDING
hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli.
Svart, rautt eða grátt leður/PVC.

Fullt verð: 139.900 kr.

VIKU
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

Aðeins 111.920 kr.

VIKU
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

AUSTIN rafdrifinn sjónvarpssófi

Rafdrifinn 3ja sæta leðursófi með niðurfellanlegu borði í miðsæti. Fáanlegur í Svörtu og gráu leðri. Særð: 198 x 95 x 98 cm

Fullt verð: 234.900 kr.

Aðeins 187.920 kr.

NATURE'S ELEGANCE
heilsurúm með Classic botni

VIKU
TILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

Nature's Bedding

Sérlega vönduð heilsudýna sem veitir góðan stuðning.

Verðdæmi: Dýna, botn og fætur 160 x 200 cm.

Fullt verð: 189.900 kr.

Aðeins 142.425 kr.

Val um svart eða hvitt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Latex yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr m²

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Óskar Magnússon rámar í lokaþáttinn þar sem J.R. virtist stytta sér aldur. „Mig minnir nú að það hafi alveg verið kominn tími á þetta og þegar þarna var komið sögu var skáldagáfan orðin dálítið gassaleg." FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Óskar þorði að verja Jón Reyni Ewing

„Já, hvert í logandi!" hváir **Óskar Magnússon** yfir því að 30 ár eru frá því síðasti þáttur Dallas fór í loftið. Fyrir fjórum áratugum gerðist hann svo djarfur að koma ófétinu J.R. Ewing til varnar í DV.

Þrjátíu ár voru í gær liðin frá því lokaþáttur Dallas, einnar vinsælustu sápuóperu allra tíma, var sendur út í Bandaríkjunum eftir um það bil þrettán misfarsæl ár. Ríkissjónvarpið hóf sýningar á þáttunum þann 6. maí 1981 og óhætt er að tala þar um tímamót í dægurmenningarsögunni.

Einnar-sjónvarpsstöðvar-þjóðin tók hinni vellauðugu og spilltu Ewing-fjölskyldu opnum örmum og í byrjun níunda áratugarins voru miðvikudagskvöld heilög á fjölmörgum heimilum landsins þar sem fjölskyldan sameinaðist agndofa fyrir framan sjónvarpstækin og sökkti sér ofan í draumaheim ríka og fallega fólksins í Dallas.

Óskar Magnússon, lögmaður, rithöfundur og bóndi, var blaðamaður á DV þegar J.R. Ewing og hans fólk lagðist á þjóðarsálina og hann segist hafa fylgst með þáttunum af einlægum áhuga.

„Ég fylgdist með þessu alveg af fullkomnum áhuga og öll fjölskyldan og ég tel að þetta sé eitthvert albesta sjónvarpsefni sem hefur verið gert. Man ekki eftir öðru betra. Þetta var eins og önnur fjölskylda manns, þetta fólk," segir Óskar um Ewing-fjölskylduna og hlær eftir að hafa meðtekið að sléttir þrír áratugir séu síðan þættirnir runnu sitt skeið.

Ódeigur baráttumaður

„J.R. var minn maður. Menn þorðu nú ekki að viðurkenna það opinberlega að þeir styddu hann vegna þess að hann var svoddan sko refur en í hjarta sínu vissu þeir að hann bar þættina uppi. En menn þorðu ekki að styðja karakterinn," segir Óskar sem gerðist svo djarfur að koma J.R. til varnar í fjölmiðlapistli í DV í nóvember 1982.

Larry Hagman í hlutverki Jóns Reynis, eða John Ross, sem best er þekktur sem J.R. og bar vinsældir Dallas uppi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Já, já. Ég gerði það," heldur Óskar áfram hlæjandi. „Ég skrifaði grein sem hét til varnar Jóni Reyni," segir hann um pistilinn sem hann hóf með því að gangast við því að vera alkunnur aðdáandi Dallas-þáttanna og hafa ekki misst úr einn einasta þátt frá upphafi.

„Í gærkvöldi varð ég ekki fyrir vonbrigðum. Eftir að litla systir Sue Ellen kom til sögunnar hefur lifnað mjög yfir þættinum en fagurt kvenfólk er óbrigðull mælikvarði á slíkt," hélt Óskar áfram og varði síðan sinn mann, J.R. eða Jón Reyni.

„Jón Reynir reynir áfram á öllum vígstöðvum. Það er annars undarlegt hversu mikilli andstöðu hann virðist mæta meðal almennings hér á landi. Þarna er á ferð ódeigur baráttumaður, sem hvergi lætur sinn hlut þrátt fyrir ofurefli pólitísks valds sem beitt er gegn honum á óbilgjarnan hátt."

Olíukóngar á Olís

„Þú sérð að þetta var búið að koma sér vel fyrir í þjóðarsálinni og var ekki auðveldlega yfirgefið," segir Óskar og vísar til uppnámsins sem varð þegar RÚV hætti að sýna þættina 1984 en óánægja almennings var ekki síst viðruð á lesendasíðum Morgunblaðsins.

Þá er það til marks um vinsældirnar að fólk streymdi á bensínstöðvar Olís eftir að einhver á þeim bænum fékk þá snilldarhugmynd að laða fólk að bensíndælunum með því að leigja út nýjustu þættina á VHS-myndböndum. Stöð 2 sá sér síðar leik á borði, tók við keflinu og Dallas kláraðist þar 1992. Um það bil ári seinna en í Bandaríkjunum.

Dallas! Hvar er sjónvarp?!

„Við erum ekki mikið sjónvarpsfólk og höfum aldrei verið á mínu heimili en með þessu var fylgst af mikilli athygli," segir Óskar og áréttar mikilvægi Dallas með gamansögu af dr. Gunnlaugi Þórðarsyni heitnum, hæstaréttarlögmanni.

„Hann var í fínu matarboði á miðvikudagskvöldi þegar hann lítur á klukkuna, sprettur á fætur og segir: Dallas! Dallas! Dallas! Hvar er sjónvarp? Hvar er sjónvarp? Dallas! Dallas! Svo bara stóð hann upp og æddi inn í stofu þar sem var sjónvarp. Hann stóð upp frá borðum til þess að horfa á Dallas og lét fínt elítu matarboð ekkert aftra sér frá því að horfa á Dallas. Þannig að þú sérð að það voru vandaðir menn sem fylgdust með þessu. Þetta var ekkert hjóm."

toti@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrimsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

★★★★½ S.J. - Fbl.

★★★★ „...sem betur fer er Benedikt ekki bara uppátækjasamur og frjór sýningahöfundur, heldur eitursnjall úrvinnslumaður leiktexta og túlkandi höfundarverka annarra." Þ.T. - Mbl.

NASHYRN INGARNIR

EUGÈNE IONESCO



VERTU
ÚLFUR

Þjóð leik hús ið

Tryggðu þér miða í maí

leikhusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

FOSSBERG
tilboðsblaðið fylgir Fréttablaðinu í dag

BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Kjósendur á Tjörutjörn

Hlutverk skálda í Forn-Grikklandi var ekki aðeins að skemmta lýðnum heldur áttu þau líka að skerpa á lýðræðisvitund áheyrenda og kenna þeim að horfa á veröldina út frá sjónarhóli náungans. Gríska orðið fyrir leikskáld var meira að segja síðar notað yfir kennara enda mátti læra af verkum skáldanna hvert dramb, hroki, græðgi og eigingirni gætu leitt fólk á lífsleiðinni. Ég efast um að skáldin hafi slakað á þessum kröfum en einhverra hluta vegna finnst mér kjósendur vera í tómri tjöru þegar til lýðræðislegra kasta kemur, kannski til að getað síðar kvartað yfir þeim ósköpum sem þeir kusu yfir sig.

Hér á Spáni, til dæmis, eru tveir hefðbundnir hægri flokkar: Annar er umvafinn spillingu sem allir eru orðnir hundleiðir á en hinn reynir að sporna gegn henni. Hvor flokkurinn haldið þið að sé að lognast út af? Annað dæmi, í upphafi COVID sendu yfirvöld boð á elliheimili Madrídarhéraðs um að vera ekki að hafa fyrir því að senda sýkta öldunga á bráðamóttöku þar sem álagið þar væri nóg fyrir. Eins og gefur að skilja réði þetta örlögum ófárra íbúa þessara heimila. Skilaboðin láku í fjölmiðla og krafan um að æðstu yfirmenn, eins og forseti héraðsins, Isabel Ayuso, segðu af sér fór fjöllum hærra um stund. Því var þó ekki að heilsa en ef kjósendur eru jafn smekklausir og útgönguspár vilja meina þá mun Isabel hins vegar eiga yfir höfði sér mikil veisluhöld í Madríd í kvöld til að fagna stórkostlegum kosningasigri. Á meðan bið ég Ísland um að hlúa að skáldum sínum.

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGUM
BY BRINKHAUS

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF RÚMFÖTUM

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM

KYNNTU ÞÉR VINSÆLA GJAFABRÉFIÐ OKKAR

FRÍR FLUTNINGUR* UM ALLT LAND
*NEMA ÚT ÖLUVÖRUR

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Á VEFVERSLUN OKKAR

VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is

Svefn & heilsa
★★★★★

BALDURSNES 6 - AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.